



Pensluástand með sætu og súru



Framkvæmdaskeiðið sem hófst 2003 með ákvörðun um stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi hafði margvísleg margföldunaráhrif í efnahagslífinu á árinu 2004. Aðrar opinberar framkvæmdir t.d. í vegamálum og mikill framkvæmdahugur í fasteignabyggingum á Austurlandi, á höfuðborgarsvæðinu og síðan víða annarsstaðar á landinu hafa einnig aukið mjög á þensluna á vinnumarkaðnum og valdið gífurlegri eftirspurn eftir vinnuafli. Þetta ástand hefur haldið áfram á líðandi ári.

Það er ekkert sem dugar betur í baráttunni gegn atvinnuleysinu en öflugt atvinnulíf og það hefur sannarlega sýnt sig í tölum yfir atvinnulausa.

Atvinnuleysi fór stíglækkandi allt árið 2004 og sú þróun hélt áfram á þessu ári þó svo vart verði við árstíðarsveiflur líkt og ávallt yfir hörðustu vetrarmánuðina. Starf svæðisvinnumiðlananna hefur tekið mið af þessu og þær settu sér sem markmið að sinna enn betur en áður gafst tækifæri til þeim hópum sem þurfa á mestu úrræðunum að halda og mestan stuðning til að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Langtímaatvinnuleysi hefur farið minnkandi og ungu fólk á atvinnuleysissskrá hefur líka fækkað mjög. Þá hefur sjónum sérstaklega verið beint að ungum mæðrum sem hafa þótt áberandi hópur á atvinnuleysissskrá, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og reynt að skipuleggja úrræði fyrir þennan hóp í samvinnu við sveitarfélögin og aðrar opinberar stofnanir. Þetta hefur gefist vel og í heild hefur fækkað stórlega á atvinnuleysissskránni eins og áður sagði en þær upplýsingar eru birtar í mánaðarlegum skýrslum Vinnumálastofnunar yfir atvinnuástandið. Jafnframt eru daglega birtar fjöldatölur yfir atvinnulausa á heimasíðu stofnunarinnar. Búast má við því að atvinnuleysi á árinu 2006 verði talsvert undir 2%.

Vinnumálastofnun fer með útgáfu atvinnuleyfa í umboði félagsmálaráðuneytisins. Þann 1. maí 2004 fjölgaði ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins um tíu og ákváðu stjórnvöld að grípa til aðgangstakmarkana fyrir átta þeirra í því skyni að stýra betur flæði erlends vinnuaflls inn á íslenska vinnumarkaðinn sem bjó við óvenjulegt þensluástand eins og áður er rakið. Takmarkanirnar fólust í því að íslensk fyrirtæki sem þyrftu á starfskrafti frá ríkjunum átta að halda, til að sinna hefðbundinni launavinnu, þyrftu áfram að sækja um atvinnuleyfi líkt og um þriðju ríkisborgara væri að ræða.

Fyrst í stað gekk þetta vel og fyrirtækin héldu sig við hið þekktu form við að fá til sín erlendan starfskraft. Síðar fór að bera meira á því að íslensk fyrirtæki væru að fá til sín starfskraft með þjónustusamningum við erlendar starfsmannaleigur eða fyrirtæki en slíkir samningar ganga í grundvallaratriðum út á það að fyrirtæki leiga til sín starfskraft í stað hefðbundinnar ráðningar. Rök atvinnulífsins fyrir þessu hafa fyrst og fremst verið þau að það sé of tímafrekt að sækja um dvalar- og atvinnuleyfi með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir.

Afleiðingin af þessu hefur orðið sú að kjör og aðstæður þeirra sem hingað koma til starfa

með þessum formerkum eru jafnan óljós og erfitt að ganga úr skugga um að kjarasamningar og aðrar reglur sem á vinnumarkaðnum gilda, séu haldnar. Mörg dæmi hafa komið fram þar sem séð er að þessar reglur eru þverbrotnar. Nú hefur það þótt til fyrirmyndar hvernig íslenski vinnumarkaðurinn er skipulagður þ.e. að hafa sveigjanleika varðandi uppsagnir og ráðningar, að framkvæmd kjarasamninga sé á ábyrgð aðila vinnumarkaðarins og að ágreiningsefni séu leyst með samningum en ekki með lögum og reglugerðum af hendi ríkisvaldsins.


Sá vinnumarkaður sem hefur þróast undanfarin tvö ár undir formerkjum þjónustusamninga fellur utan þessa og það er áhyggjuefni. Aðilar vinnumarkaðarins hafa ekki sömu áhrif á það sem þarna fer fram og æskilegt væri. Aukin heldur koma þessi störf ekki til ráðstöfunar fyrir þá sem eru í atvinnuleit hér innanlands en fullyrða má að ef flæði erlends vinnuaflls inn til landsins væri óheft væri atvinnuleysi ekki jafn lágt og raun ber vitni.

Félagsmálaráðuneytið hefur í samvinnu við hagsmunasamtök á vinnumarkaði undanfarna mánuði unnið að því að greina stöðu þessa máls og móta tillögur að því sem væri mögulegt og æskilegt að gera í þessum efnium. Fyrst og síðast verður þó að höfða til samfélagslegrar ábyrgðar þeirra sem kjósa að nýta sér þessa aðferð við að manna laus störf. Samfélagið allt tapar á því ef þessi þróun heldur áfram óbeisluð.

Gissur Pétursson forstjóri
September 2005



Skipurit og stjórn Vinnumálastofnunar



Stjórn Vinnumálastofnunar 2001 til 2005 er þannig skipuð:

Hrólfur Ölvísson, formaður, Adolf H. Berndsen, varaformaður, Ellert Eiríksson, Halldór Grönvold, Jón H. Magnússon, Jón Rúnar Pálsson, Sjöfn Ingólfsdóttir og Þórður Ólafsson.

Í mars 2004 tók Adolf H. Berndsen sæti í stjórn í stað þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur.



Starfsemi Vinnumálastofnunar

Vinnumálastofnun starfar samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997. Meginmarkmiðið með þeim lögum er að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu með vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðum af ýmsu tagi. Stofnunin skal hafa eftirlit með starfi svæðisvinnumiðlana og samræma starfsemi þeirra og auk þess veita starfsfólki svæðisvinnumiðlana faglega aðstoð og fræðslu. Hún skal afla upplýsinga frá svæðisvinnumiðlunum um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur, vinna úr þeim upplýsingum og koma niðurstöðum, ábendingum og tillögum um vinnumarkaðsaðgerðir á framfæri við stjórn stofnunarinnar. Þá skal hún fylgjast með þróun í vinnumarkaðsmálum erlendis, miðla upplýsingum þar um til hlutaðeigandi aðila og miðla í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar upplýsingum um vinnumarkaðinn hér á landi til erlendra aðila.

Auk vinnumiðlunar og vinnumarkaðsaðgerða hefur Vinnumálastofnun umsjón með skráningu atvinnuleysis, greiðslu atvinnuleysisbóta og úrskurði um atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 12/1997. Atvinnuleysistryggingarsjóður og Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga eru í umsjá Vinnumálastofnunar í umboði sjóðsstjórna. Þá annast Vinnumálastofnun skrifstofuhald fyrir Ábyrgðasjóð launa á grundvelli sammings milli stjórnar sjóðsins, félagsmálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar. Ennfremur annast stofnunin daglega umsýslu Starfsmenntaráðs, atvinnumála kvenna og Lánastryggingasjóðs kvenna.

Veiting atvinnuleyfa til útlendinga utan hins evrópska efnahagssvæðis er jafnframt á höndum Vinnumálastofnunar samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002.

Stjórn Vinnumálastofnunar

Félagsmálaráðherra skipar stjórn Vinnumálastofnunar til fjögurra ára í senn að fenginni tilnefningu helstu aðila vinnumarkaðarins. Formaður og varaformaður eru skipaðir án tilnefningar ráðherra. Forstjóri Vinnu-



málastofnunar situr fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn Vinnumálastofnunar fylgist með þróun vinnumarkaðarins, gerir tillögur til félagsmálaráðherra um vinnumarkaðsaðgerðir og gefur ráðherra skýrslu um þróun vinnumarkaðarins og árangur vinnumarkaðsaðgerða. Stjórnin er umsagnaraðili um lagafrumvörp og stjórnvaldsreglur sem snerta vinnumarkaðinn og hefur umsjón og eftirlit með rekstri og starfsemi Vinnumálastofnunar. Stjórnin fundar eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði og að auki skal hún halda reglulega samráðsfundi með hagsmunaaðilum vinnumarkaðarins ásamt aðilum sem búa yfir sérþekkingu á honum.

Svæðisvinnumiðlanir

Á vegum Vinnumálastofnunar eru starfræktar átta svæðisvinnumiðlanir í kringum landið auk þriggja smærri útibúa. Landinu er skipt upp í átta vinnumiðlunarsvæði sem fylgja gömlu kjördæmamörkunum að mestu, nema hvað höfuðborgarsvæðið allt er eitt svæði og Suðurnes annað. Svæðisvinnumiðlanir eru starfandi á hverju svæði og miðast starfsemi þeirra í meginatriðum við að aðstoða atvinnuleitendur við að finna störf við hæfi og vinnuveitendur við leit að starfsfólki ásamt því að greiða út atvinnuleysisbætur. Þá tekur svæðisvinnumiðlun saman og miðlar upplýsingum um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur til svæðisráðs og Vinnumálastofnunar. Á hverri svæðisvinnu-

Stjórn, forstjóri og sviðstjórn Vinnumálastofnunar ásamt forstöðumönnum svæðisvinnumiðlana heimsóttu á vormánuðum 2004 Kárahnjúka.

miðlun eru starfandi a.m.k. einn fulltrúi, forstöðumaður og einn ráðgjafi en fjöldi starfsmanna fer eftir stærð þjónustusvæðis viðkomandi svæðisvinnumiðlunar. Í lok árs 2004 voru starfsmenn Vinnumálastofnunar og þar með talið svæðisvinnumiðlana um 80 talsins.

Svæðisráð

Nú manna ráðgjafarnefnd, svæðisráð, er skipuð af félagsmálaráðherra í tengslum við hverja svæðisvinnumiðlun. Svæðisráðið er skipað þremur fulltrúum samtaka atvinnurekenda á svæðinu, þremur fulltrúum samtaka launþega, tveimur fulltrúum sveitarfélagsins og einum fulltrúa framhaldsskóla. Ráðherra skipar formann og varaformann úr þessum hópi. Forstöðumaður svæðisvinnumiðlunar situr fundi svæðisráðsins með málfrælsi og tillögurétt.

Svæðisráðið fylgist með stöðu atvinnumála á sínu svæði og kemur með tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir sem það beinir til stjórnar Vinnumálastofnunar, sveitarfélaga, fyrirtækja eða annarra eftir því sem við á. Svæðisráð aðstoðar svæðisvinnumiðlun við að hrinda í framkvæmd úrræðum fyrir atvinnulausa, til dæmis með því að fá aðila til samstarfs um úrræði. Að minnsta kosti einu sinni á ári gefur svæðisráðið stjórn Vinnumálastofnunar skýrslu um atvinnuástand og árangur vinnumarkaðsaðgerða á sínu svæði. Svæðisráð fundar eftir þörfum en að jafnaði einu sinni í mánuði.

Starfsmannamál

Forstöðumaður stjórnarsýslusviðs, Heiða Gestsdóttir lögfr., hætti störfum í júní 2004. Henni er þakkað fyrir vel unnin störf hjá stofnuninni. Í byrjun árs 2005 var Unnur Sverrisdóttir, lögfr. ráðin nýr forstöðumaður stjórnarsýslusviðs og er hún boðin velkomin til starfa.

Á árinu hélt Mentor ehf. þrjú námskeið fyrir starfsmenn stofnunarinnar sem bar yfirskriftina „Að takast á við erfiða einstaklinga“. Alls tóku 35 fulltrúar, ráðgjafar og forstöðumenn þátt og var námskeiðið ætlað þeim starfsmönnum sem eru í beinum sam-

skiptum við atvinnuleitendur og töldu sig þurfa þekkingu og þjálfun á viðbrögðum þegar átt er við ólíkar persónugerðir. Starfsmenn voru almennt mjög ánægðir með námskeiðið og töldu það gagnast sér vel í starfi.

Vinnsla við greiðslur til fiskvinnslustöðva vegna kauptryggingar fiskvinnslufólks fluttist frá Vinnumálastofnun til Svæðisvinnumiðlunar Norðurlands vestra, frá og með 1. september 2004.

Ýmis verkefni

Félagsmálaráðuneytið á aðild að nokkrum starfsmenntasjóðum og situr Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, í stjórn um þeirra fyrir hönd ráðuneytisins. Þessir starfsmenntasjóðir eru Starfall, Landsmennt og Sjómennt þar sem Gissur situr sem formaður.

Svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra stóð í mars fyrir ráðstefnu um stöðu ungs fólks í atvinnuleit í samvinnu við Akureyrarbæ, Skrifstofu atvinnulífsins á Akureyri, STAK, Einingu-Iðju og Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri. Markmið ráðstefnunnar var að ræða stöðu 16-24 ára atvinnuleitenda og möguleika þeirra á að finna nám og störf við hæfi. Helena Karlsdóttir, forstöðumaður, var meðal frummælenda og hélt hún erindi um þróun og stöðu atvinnuleysis meðal ungs fólks, en fjölmargir aðrir voru með innlegg um málið á ráðstefnunni.

Stjórn Vinnumálastofnunar og forstöðumenn svæðisvinnumiðlana ásamt forstjóra og sviðsstjórum á Vinnumálastofnun heim sóttu í maí Kárahnjúkasvæðið og áttu fund með talsmönnum Impregilo um starfsmannahald og ráðningarmál. Tilgangurinn var að fræðast um hvernig ráðningarmálum fyrirtækisins væri háttað og á hvern hátt mætti gera samstarf Impregilo og Vinnumálastofnunar/ svæðisvinnumiðlana skilvirkara þannig að auka mætti hlut íslenskra starfsmanna við Kárahnjúka.

Svæðisvinnumiðlun Austurlands tók þátt í mannlífs- og þjónustusýningunni Austurland 2004 sem haldin var dagana 10. - 13. júní. Mjög góð þátttaka var í sýningunni og tóku alls 128 fyrirtæki og stofnanir þátt af víðu sviði í atvinnulífi Austurlands, allt frá



einyrkjafyrirtækjum til stærstu fyrirtækja og stofnana. Gestir á sýningunni voru ríflega 6000 talsins. Meðal gesta voru forseti Íslands og forsetafrú, flestir alþingismenn Norðausturkjördæmis, ráðherrar, forystumenn ýmissa hagsmunasamtaka á Íslandi og sveitarstjórnarmenn á Austurlandi. Góður rómur var gerður af sýningunni og því hversu mikinn metnað fyrirtæki lögðu í umgjörð og kynningar sínar.

Vika símenntunar var haldin dagana 12.-18. september, það er menntamálaráðuneytið sem stendur fyrir viku símenntunar en Mennt sér um skipulagningu og framkvæmd verkefnisins í samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar níu um allt land. Í viku símenntunar eru fyrirtæki hvött til að tileinka þann dag fræðslumálum starfsmanna, t.d. með því að kynna starfsmönnum fræðslustefnu fyrirtækisins eða setja af stað námskeið.

Í maí 2004 stóð Vinnumálastofnun að ráðstefnunni ÓNÝT STARFSORKA? ÓNÝTT STARFSORKA? Samstarfsaðilar voru áhugaþópur um málefni 45 ára og eldri á vinnu- markaði, stofnanir og stéttarfélag og ofangreind nefnd félagsmálaráðherra. Liðlega eitt hundrað manns mættu á ráðstefnuna og meðal frummælenda var framkvæmdastjóri Senter for Seniorpolitikk í Noregi. Má segja að ein af niðurstöðum ráðstefnunnar hafi verið sú að ef starfsmaður missir vinnu eftir 50 ára aldur gengur honum erfiðar að fá vinnu aftur en yngri manni á sambærilegum starfsvettvangi

Vinnumálastofnun er „hollvinur“ verkefnisins Hið gullna jafnvægi sem er verkefni á vegum Reykjavíkurborgar og er framhald samstarfsverkefnis borgarinnar og Gallup um sveigjanleika í fyrirtækjum, samræmingu starfs og einkalífs og bættu nýtingu mannaúds 2000-2001. Vefsvæðið er þungamiðja verkefnisins og er það n.k. opin ráðstefna um samræmingu starfs og einkalífs. Hollvinir verkefnisins eru samtals sautján og munu m.a. starfrækja vefsvæðið www.hgj.is árin 2003, 2004 og 2005 í þeim tilgangi að styrkja umræðu um sveigjanleika á vinnustöðum og samræmingu einkalífs og starfs og miðla nýjum fróðleik um það efni. Jafnframt munu þeir standa fyrir árlegri viðurkenningu til einstaklings, félagasamtaka eða



vinnustaðar sem skarað hefur framúr á þessu sviði eða lagt þýðingarmikinn skerf til umræðunnar.



Fjármál

Á árinu 2004 var hagnaður á rekstri Vinnumálastofnunar um 17,7 milljónir í samanburði við 18,4 milljóna króna halla árið 2003. Þjónustutekjur og framlög frá öðrum en ríkissjóði námu 253,9 milljónum króna, þar af voru þjónustutekjur vegna þjónustu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð og aðra sjóði, ráð og nefndir 245 milljónir. Framlag ríkissjóðs var á árinu 175,7 milljónir. Útgjöld námu um 411,9 milljónum króna.

Greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna atvinnuleysisbóta voru 4.246 milljónir króna. Í árslok 2004 var eigið fé Atvinnuleysistryggingasjóðs 7.824 milljónir kr. og hafði þar með lækkað um 680 milljónir frá árslokum 2003.

Ólöf Guðmundsdóttir, forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Austurlands, og Dröfn Haraldsdóttir, starfsmaður EES- vinnumiðlunar, á sýningunni Austurland 2004.

Vinumarkaðurinn árið 2004



Á árinu 2004 jókst eftirspurn eftir vinnuafli mikið, einkum í byggingariðnaði og tengdum greinum vegna uppbyggingu stóriðju og virkjana á austanverðu landinu og á suðvesturhorni landsins. Á sama tíma jókst almennt kaupgeta og neysla almennings og samhliða því innflutningur í takt við hækkandi gengi krónunnar. Segja má að þeim samdrætti í efnahagslífinu, sem hófst seinni part árs 2001, hafi lokið á flestum sviðum efnahagslífsins á árinu 2004. Við tók töluverð þensla á flestum sviðum nema helst í útflutningsgreinum sem hafa búið við óhagstætt gengi síðustu misseri. Greiðslur úr Ábyrgðasjóði voru þó áfram miklar á árinu 2004, eða yfir 700 milljónir svipað og árin 2002 og 2003.

Þessi auknu umsvif og bætta staða í efnahagslífinu leiddi til minnkandi atvinnuleysi á árinu 2004 auk þess sem innflutningur erlends vinnuafis frá ríkjum utan hins gamla evrópska efnahagssvæðis jókst til muna eftir að hafa minnkað mikið í samdrættinum á árunum 2002 og 2003. Sá samdráttur bitnaði hart á ungu fólki, sem átti erfitt með

að fá vinnu og var almennt lítið um afleysingastörf og sumarvinnu. Á árinu 2004 batnaði hagur ungs fólks aftur, þó svo atvinnuleysi meðal ungs fólks hafi áfram verið áberandi á vor- og sumarmánuðum 2004.

Eftirspurn eftir vinnuafli í öðrum greinum en byggingariðnaði var ekki mikil framán af árinu 2004, en þegar kom fram á haust fór eftirspurnin að aukast mikið innan flestra greina. Þess vegna, að ólíkt því sem gerist jafnaðarlega á haustin, jókst atvinnuleysi nánast ekkert til áramóta. Á árinu 2005 hefur atvinnuleysi svo minnkað jafnt og þétt. Fækkun atvinnulausra á árinu 2004 var einkum í hópi skammtíma-atvinnulausra en nokkur fjölgun varð í hópi langtímaatvinnulausra þó þeim hafa fækkað frá maí fram í september.

Lítil breyting var á fjölda fólks á vinnumarkaði á árinu 2004 frá árinu áður samkvæmt vinnumarkaðsskönnun Hagstofunnar. Fram til 2001 fjölgaði fólki á vinnumarkaði jafnt og þétt á tímum batnandi efnahagsástands, meðal annars vegna þess að skóla-fólk frestaði námi og sótti út á vinnumarkaðinn eða vann í meira mæli samhliða námi. Árið 2002 fækkaði hins vegar á fólki á vinnumarkaði úr um 163 þúsund manns í um 162 þúsund, og stóð í stað milli áranna 2002 og 2003, en fækkaði aftur lítillega árið 2004 og mældust þá 161 þúsund manns á vinnumarkaði. Vegna fólks fjölgunar hér á landi hefur atvinnuþátttaka 16-74 ára verið að minnka lítið eitt síðustu ár og var um 81% á árinu 2004 en fór hæst í um 84% árið 2001. Þó að fjöldi á vinnumarkaði hafi breyst lítið á heildina lítið, hefur fækkað nokkuð á landsbyggðinni síðustu ár, úr um 62.000 manns árið 2002 í um 58.000 árið 2004, en fjölgað að sama skapi á höfuðborgarsvæðinu úr rúmlega 100.000 manns í tæplega 104.000.

Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi árið 2004 var 3,1% sem er nokkru minna en árið áður. Þetta atvinnuleysi jafngildir því að 4.564 hafi að jafnaði verið á atvinnuleysisskrá árið 2004, samanborið við 4.893 árið áður. Í janúar 2004 fór atvinnuleysið í 3,7%, en lækkaði





niður í 2,6% í september og hélst svipað til ársloka. Í byrjun árs 2005 fór atvinnuleysið aftur í 3%, en lækkaði jafnt og þétt fram eftir árinu 2005 og var 1,8% í ágúst.

Á landsbyggðinni tók atvinnuleysi að lækka strax í febrúar 2004 og hélst það ferli fram á sumar og fór atvinnuleysið lægst í um 1,9% þar í ágúst og september. Með haustinu jókst það nokkuð og fór í 2,5% í desember og hækkaði í 2,8% í janúar 2005 en hefur lækkað hratt síðan. Atvinnuleysi á landsbyggðinni fylgir því nokkuð hefðbundnu ferli þar sem atvinnuástandið er gott yfir sumarmánuðina en versnar mikið yfir vetrarmánuðina. Á höfuðborgarsvæðinu hélst atvinnuleysi í 3,8-3,9% í janúar og fram í apríl 2004 og lækkaði fremur hægt næstu mánuði, en hélt á hinn bóginn áfram að lækka allt til áramóta þegar það var komið í 2,8%, en fór aftur í um 3% í byrjun árs 2005.

Atvinnuleysi minnkaði einkum meðal karla á árinu 2004, eða úr um 3% að jafnaði árið 2003 í 2,5% árið 2004. Atvinnuleysi meðal kvenna minnkaði á hinn bóginn aðeins um 0,1 prósentustig milli árána 2003 og 2004 og voru að jafnaði 3,8% kvenna atvinnulausar á árinu 2004 samanborið við 3,9% árið áður. Þær miklu framkvæmdir sem voru við virkjanagerð, stóriðjubyggingar og jarðgangna- og vegagerð bættu því einkum atvinnuástandið meðal karla, en atvinnuástand meðal kvenna breyttist lítið. Á árinu 2005 hefur atvinnuleysi kvenna þó tekið að lækka umtalsvert og var komið í 2,7% í ágúst samanborið við 3,9% í ágústmánuði 2004.


Þegar lítið er á atvinnuleysi eftir starfsstéttum má sjá að á árinu 2004 var atvinnuleysi mest meðal verkafólks eða milli 6 og 7% ef tekið er mið af fjölda starfandi skv. vinnu- markaðskönnun Hagstofunnar. Einnig var atvinnuleysið mikið meðal sölu- og afgreiðslufólks eða yfir 5%. Þá var atvinnuleysi milli 3 og 4% meðal skrifstofufólks, fólks í ýmsum þjónustustörfum og sérhæfðs verkafólks í iðnaði. Minnst var atvinnuleysið meðal sérfræðinga, eða innan við 1%. Hjá flestum starfsstéttum minnkaði atvinnuleysi milli árána 2003 og 2004. Þó jókst atvinnuleysi lítið eitt hjá skrifstofufólki og stóð í stað hjá fólki í ýmsum þjónustustörfum.



Á árinu 2004 var atvinnuleysi einna mest hjá fólki sem starfað hefur í fiskvinnslu og í hótél- og veitingaþjónustu, eða milli 5 og 6%. Atvinnuleysi í þessum atvinnugreinum minnkaði þó mikið frá árinu 2003. Atvinnuleysi meðal fólks í verslun og viðgerðarþjónustu var yfir 4% og milli 3 og 4% í fiskveiðum og iðnaði. Minnst atvinnuleysi mældist meðal fólks sem hafði starfað í veitustarfsemi, landbúnaði og fjármálaþjónustu, nálægt 1%.

Greining atvinnuleysis eftir menntun gefur svipaða mynd. Mest var atvinnuleysið á árinu 2004 meðal fólks sem aðeins hefur lokið grunnskólaprófi eða sambærilegu námi, eða nálægt 5%. Meðal fólks sem hefur lokið verslunarprófi eða stúdentsprófi var atvinnuleysið milli 2 og 3%, en innan við 2% meðal fólks með aðra menntun á framhaldsskólastigi og háskólamenntun. Atvinnuleysi minnkaði mest á milli árána 2003 og 2004 meðal fólks sem aðeins hefur lokið grunnskólanámi.

Atvinnuleysi ungs fólks á aldrinum 16-24 ára var töluvert áberandi á árinu





6 mánuði eða lengur eru flokkaðir sem langtímaatvinnulausir. Langtímaatvinnulausum fjölgaði mjög framan af árinu 2004 og voru orðnir yfir 1800 í maí. Þeim fækkaði svo fram í september, fjölgaði aftur í byrjun árs 2005 en hefur fækkað hratt síðan.

Eftirspurn eftir vinnuafli

Ljóst er að vegna þeirra miklu framkvæmda sem ráðist hefur verið í og fyrirhugaðar eru næstu misseri við byggingu stóriðju og virkjana hefur eftirspurn eftir vinnuafli aukist til muna, einkum innan byggingariðnaðarins. Í skýrslu sem Vinnumálastofnun vann seinni part árs 2004 kom fram að framboð innlends vinnuafis til að starfa við fyrirhugaðar stóriðju- og virkjanaframkvæmdir á árunum 2005-2007 væri lítið, einkum hvað varðar vana byggingaverkamenn, iðnaðarmenn og bílstjóra og vélafólk. Því var gert ráð fyrir að þörf yrði fyrir útgáfu á milli 1200 og 1800 atvinnuleyfa til stóriðju- og virkjanaframkvæmda, einkum á árinu 2005, og framan af árinu 2006.

Þessi aukna eftirspurn endurspegladist í nokkurri aukningu í útgáfu atvinnuleyfa á árinu 2004 miðað við árið áður. Alls voru veitt um 3.750 atvinnuleyfi samanborett við ríflega 3.300 atvinnuleyfi 2003. Mest munar þar um fjölgun nýrra tímabundinna leyfa, sem veitt eru til árs í senn þar til útlendingur hefur dvalið á landinu í 3 ár, en gefin voru út 1374 slík atvinnuleyfi á árinu 2004 samanborett við um 560 á árinu 2003. Þessi aukning hefur haldið áfram á árinu 2005 og var í ágúst búið að gefa út nærri 1900 ný tímabundin atvinnuleyfi á árinu 2005. Aukin útgáfa atvinnuleyfa birtist í flestum greinum atvinnulífsins en er þó mest áberandi í byggingavinnu og fiskvinnslu.

Aukin eftirspurn eftir vinnuafli hefur einnig birst í könnunum á áformum stjórnenda í fyrirtækjum um breytingar á starfsmannafjölda og mat á efnahagshorfum, bæði í könnun sem SA gerir meðal sinna félagsmanna og eins í könnun sem Gallup vinnur fyrir Seðlabankann og fjármálaráðuneytið, en í báðum þessum könnunum mældust, síðla árs 2004, aukin áform um fjölgun starfsmanna frá fyrri könnunum.



2004 og fór yfir 6% snemma árs. Það var þó ekki jafn mikið og árið áður þegar það fór hæst í nálægt 8% snemma árs. Að sama skapi var toppurinn, sem kom í lok maí þegar skólafólk streymdi út á vinnumarkaðinn, lægri en árið áður. Á árinu 2005 minnkaði atvinnuleysi ungs fólks enn, fór hæst í rúm 4% snemma árs og jókst lítið í maímánuði.

Þeir sem verið hafa á atvinnuleysisráðum í



Vinnumiðlun og vinnu- markaðsaðgerðir

Vinnumálastofnun hefur með höndum yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu, samkvæmt lögum nr. 13/1997 um vinnu- markaðsaðgerðir. Markmið vinnumiðlunar er að stuðla að jafnvægi á milli framboðs og eftirspunar eftir vinnuafli í landinu. Þessu markmiði skal náð með því að Vinnumálastofnun í samvinnu við svæðisvinnumiðlanir og skráningaraðila atvinnulausa fylgist með þróun á vinnu- markaði og geri tillögur um viðeigandi aðgerðir. Svæðisvinnumiðlanir skulu vinna að því að útvega atvinnurekendum hæft starfsfólk og aðstoða fólk við atvinnuleit. Jafnframt veita þær upplýsingar og ráðgjöf um starfsval og starfsmenntun og sjá til þess að atvinnulausir eigi kost á ráðgjöf og úrræðum, svo sem námi eða starfsþjálfun eftir því sem við á.

Vinnumiðlun í tölum

Heildarfjöldi þeirra sem komu á skrá svæðisvinnumiðlana á árinu 2004 var 15.851 manns, samanborið við 17.502 árið áður, en það er ríflega 9% fækkun. Af þeim voru afskráðir 11.190 eða um 71% af öllum sem komu á skrá, sem er svipað hlutfall og árið 2003 þegar það var 70%. Ekki er mikill munur á milli svæða, en hæst hlutfall afskráðra er á Vestfjörðum 80%, 77% á Austurlandi og 76% á Vesturlandi.

Nýjar umsóknir um atvinnuleysisbætur fara í gegnum skráningu og afgreiðslu hjá svæðisvinnumiðlunum áður en þær fara til afgreiðslu úthlutunarnefnda. Alls bárust um 10.545 umsóknir á árinu 2004 sem flokkast sem nýjar umsóknir, en þar undir falla umsóknir þeirra sem hafa verið á skrá áður en voru afskráðir fyrir meira en sjö mánuðum. Er þetta um 15% fækkun frá árinu áður þegar nýjar umsóknir voru 12.456. Fækkun umsókna var heldur meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Um 52% umsóknanna, eða 5.446, voru á höfuðborgarsvæðinu og um 14% umsókna, eða 1.494, á Norðurlandi eystra.


Alls leituðu 4.122 fyrirtæki aðstoðar svæðisvinnumiðlana um að útvega starfsfólk á árinu 2004, í um 5.980 störf. Alls voru ráðnir 1.599 fyrir milligöngu svæðisvinnu-

miðlana, eða í um 27% lausra starfa, sem er nokkur lækkun frá árinu áður þegar hlutfallið var um 36%. Hafa ber í huga að svæðisvinnumiðlanir fá ekki upplýsingar um allar ráðningar sem eru tilkomnar fyrir þeirra milligöngu og því getur ráðningarhlutfallið í raun verið hærra.

Starfsleitaráætlun

Samkvæmt lögum um vinnu- markaðsaðgerðir nr. 13/1997 skal svæðisvinnu- miðlun með samkomulagi við hvern einstakan atvinnuleitanda gera starfsleitaráætlun innan 10 vikna frá atvinnuleysisráðningu. Áætlunin er fyrst og fremst aðferð til að aðstoða hinn atvinnulausa við að leita kerfisbundið að vinnu og miðast við persónulegar forsendur hans. Starfsleitaráætlun er jafnframt tengd sérstökum aðgerðum til að bæta stöðu einstaklingsins á vinnu- markaði.

Um er að ræða þrjár megingerðir starfsleitaráætlana; starfsleit 1, starfsleit 2 og starfsleit 3. Nokkur munur er á útfærslu og framkvæmd þeirra á milli svæðisvinnu- miðlana. Á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi eystra er í meira mæli notuð hópráðgjöf við gerð starfsleitaráætlana en annars staðar, þar sem áætlanir eru nær eingöngu gerðar með einstaklingsráðgjöf.



Starfsleit 1 er samningur á milli svæðisvinnu- miðlunar og atvinnuleitanda yfirleitt til 2-4 mánaða um hvernig atvinnuleit hans skuli háttáð næstu mánuði og hvort og þá hvaða úrræðum hann ætlar að taka þátt í. Starfsleit 2, sem venjulega er gerð að loknum gildistíma starfsleitar 1, er endurskoðuð áætlun um



Áhugasöm ungmenni í heimsókn í Vinnumálastofnun haustið 2004.

hvað atvinnuleitandinn ætlar að gera í atvinnuleit sinni og þátttöku hans í úrræðum á gildistíma áætlunarinnar. Fleiri möguleg úrræði eru í boði heldur en í tengslum við starfsleit 1. Starfsleit 3, sem að jafnaði er gerð eftir 10-12 mánaða atvinnuleysi, snýst um sérstaka greiningu og sérstök úrræði til að leysa vanda atvinnuleitandans. Atvinnuleitendur skila reglulega yfirliti yfir framgang starfsleitar.

Eðlilega er mest um starfsleitaráætlanir sem falla undir starfsleit 1 því þær skulu gerðar innan 10 vikna frá atvinnuleysis-skráningu. Voru þær rétt rúmlega 6000 á landinu öllu á árinu 2004. Áætlanir sem falla undir starfsleit 2 voru tæplega 2000 og um 650 sem falla undir starfsleit 3. Samtals voru því gerðar um 8600 starfsleitaráætlanir á svæðisvinnumiðlunum árið 2004. Er hér um fækkun að ræða frá árinu 2003 þegar um 9900 áætlanir voru gerðar. Er þessi fækkun á milli ára í samræmi við þann samdrátt sem varð á atvinnuleysi á milli árunna eða úr 3,4% árið 2003 í 3,1 árið 2004.

Úrræði

Atvinnulausir einstaklingar sem skráðir eru á svæðisvinnumiðlunum sem atvinnuleitendur eiga þess kost að sækja ýmis úrræði til að auka færni sína og starfsmöguleika. Þátttaka í þessum úrræðum er háð skil-

yrðum eins og lengd atvinnuleitandans á atvinnuleysissskrá, hvort úrræðið samræmist starfsleitaráætlun viðkomandi og kostnaði við þátttöku í úrræðinu. Framboð og fjölbreytni úrræðanna eykst í samræmi við það hve lengi atvinnuleitandinn hefur verið skráður atvinnulaus hjá svæðisvinnumiðlun.

Alls tóku tæplega 4000 atvinnuleitendur þátt í úrræðum á vegum svæðisvinnumiðlana á árinu 2004. Er það nokkur fækkun frá árinu 2003 þegar tæplega 5000 tóku þátt í úrræðum.

Helstu úrræði

Helstu úrræði svæðisvinnumiðlana eru sjálfstyrkingar- og starfsleitarnámskeið, tölvunámskeið, menntasmiðjur af ýmsu tagi og starfsþjálfun.

Sjálfstyrkingar- og starfsleitarnámskeið. Markmiðið er að þátttakendur geri sér grein fyrir því hvernig sjálfstraust getur haft áhrif á hegðun og líðan fólks og með hvaða hætti atvinnumissir ógnar sjálfstraustinu. Bent er á aðferðir sem hægt er að nota til að byggja upp eigið sjálfstraust og stuðla þannig að öruggari framkomu og betri líðan. Atvinnuleitendur eru aðstoðaðir við að kynna eigin styrkleikum og farið í hvernig best sé að bera sig að í starfsleit.

Tölvunámskeið. Mikill meirihluti tölvunámskeiða sem atvinnuleitendur sækja eru grunn- eða framhaldsnámskeið í ritvinnslu, töflureikni, glærugerð og tölvubókhalda.

Menntasmiðjur. Nokkurra vikna nám sem samanstendur af sjálfstyrkingu, skapandi verkefnum í handmennt og myndmennt ásamt hagnýtu námi eins og tölvuleikni og íslensku.

Starfsþjálfun. Starfsþjálfun er skipulögð þátttaka atvinnuleitanda í starfsemi vinnustaðar um lengri eða skemmri tíma. Starfsþjálfun er einkum hugsuð fyrir þá sem þurfa að takast á við ný störf eða hafa verið lengi án vinnu. Atvinnuleitandinn er tekinn af atvinnuleysissskrá og atvinnurekandinn fær greitt sem nemur bótahlutfalli atvinnuleitandans. Hámarkstími starfsþjálfunar á bótum er sex mánuðir.



Námsstyrkur: Atvinnuleitendur geta að uppfylltum ákveðnum skilyrðum fengið styrk frá svæðisvinnumiðlun til að sækja námskeið á frjálsum markaði. Styrkurinn getur numið 25% af kostnaði við námskeiðið en þó aldrei meira en kr. 50.000.

Sérstök verkefni á vegum svæðisvinnumiðlana

Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs er heimilt að styrkja sérstök verkefni undir eftirliti svæðisvinnumiðlana. Verkefni þurfa að vera skýrt afmörkuð og tímabundin og mega ekki vera í samkeppni við aðila í hliðstæðum atvinnurekstri á landsvísu. Styrkhæf verkefni geta verið af ýmsum toga, t.d. tímabundin verkefni fyrir atvinnulausa á vegum opinberra aðila, stuðningur við atvinnulausa einstaklinga sem hyggjast stofna fyrirtæki og stuðningur við fyrirtæki við að skapa ný störf vegna nýrrar framleiðslu. Á árinu 2004 var lögð áhersla á að kynna sérstök verkefni fyrir sveitarstjórnnum og forsvarsmönnum fyrirtækja og félagasamtaka.

Alls voru yfir 120 aðilar sem settu á stofn sérstakt verkefni af þessum toga á árinu 2004 og voru um 45% opinberir aðilar, einkum sveitarfélög, 15% voru fyrirtæki, 25% voru einstaklingar og 15% félagasamtök, einkum íþróttafélög. Hefur hlutur fyrirtækja minnkað töluvert frá fyrra ári, en hlutur opinberra aðila og einstaklingsverkefna aukist.

Samtals settu þessir aðilar á fót verkefni fyrir 317 einstaklinga. Þar af voru um 63% í verkefnum hjá opinberum aðilum, 8% hjá fyrirtækjum, 20% hjá félagasamtökum en einstaklingsverkefnin voru 10%. Að jafnaði störfuðu menn tæpa 2,4 mánuð í verkefninu, sýnu styst þeir sem voru í verkefnum á vegum opinberra aðila, eða 2,1 mánuð, en einstaklingsverkefni stóðu lengst yfir, eða um 5,5 mánuði að jafnaði.

Heildarfjöldi mannmánuða við sérstök verkefni á árinu 2004 var um 865, um helmingur hjá opinberum aðilum, 11% hjá fyrirtækjum, 22% hjá félagasamtökum og 20% voru einstaklingsverkefni. Verkefnin voru afar fjölbreytt, en áberandi voru ýmis konar verkefni tengd fegrun og snyrtingu

umhverfis á vegum sveitarfélaga og íþróttafélaga, flokkun á söfnum og í skjalageymslum sveitarfélaga, og vinna með fötluðum og börnum yfir sumarmánuðina.

Atvinnumál kvenna

Sérstök áhersla er lögð á atvinnumál kvenna hjá Vinnumálastofnun. Ástæðan er sú að konur hafa víða haft færri tækifæri til atvinnu, einkum á landsbyggðinni og einnig er aðgangur kvenna að fjármagni til uppbyggingar atvinnustarfsemi oft lítill. Því hefur verið starfræktur sérstakur sjóður frá árinu 1991 sem annast styrkveitingar til kvenna.

Markmiðið með styrkveitingum hefur einkum verið að auka fjölbreytni í atvinnulífi, að viðhalda byggð um landið og efla atvinnutækifæri á landsbyggðinni, auka aðgang kvenna að fjármagni, ekki síst fyrir konur sem stunda starfsemi sem nýtur síður fyrirgreiðslu í hefðbundnum lánastofnunum. Markmiðið er einnig að draga úr atvinnuleysi meðal kvenna.


Árið 2004 bárust 178 umsóknir að fjárhæð tæplega 160 milljónir. Samtals voru veittir 43 styrkir. Til úthlutunar voru kr. 22 milljónir og var úthlutað einu sinni á árinu. Veittir voru styrkir til verkefna einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka.

Lánatryggingasjóður kvenna

Lánatryggingasjóður kvenna hóf starfsemi 1998 sem þriggja ára tilraunaverkefni. Stofnendur sjóðsins eru félagsmálaráðuneyti, Reykjavíkurborg og iðnaðarráðuneyti. Vinnumálastofnun annast umsýslu sjóðsins.

Markmiðið með stofnun sjóðsins var að styðja konur til nýsköpunar og þátttöku í atvinnulífi með því að veita ábyrgðir á lánnum, en sýnt þótti að konur ættu af ýmsum ástæðum erfiðara en karlar með að fá lán hyggðust þær koma á fót atvinnurekstri.

Að afloknu tilraunatímabili sjóðsins þótti ljóst að hann hafði staðið undir þeim væntingum sem gerðar voru til hans og var ákveðið að framhald yrði á starfsemi hans í a.m.k. 3 ár til viðbótar. Samið var við



Landsbanka Íslands um að annast lánveitningu til umsækjenda og saman veittu bankinn og Lánatryggingasjóður kvenna ábyrgðir á lánum. Að afloknu framhaldstímabilinu var unnin úttekt á stöðu sjóðsins árið 2004 og einnig kannaður opinber stuðningur við atvinnurekstur kvenna á Íslandi. Helstu

niðurstöður voru þær að fjárhagsstaða sjóðsins er traust. Fyrirtækin sem hlotið hafa tryggingu sjóðsins eru almennt lítil og starfa að jafnaði 2 starfsmenn á hverjum vinnustað í 2 stöðugildum. Kannað var hvort verkefnið hefði farið af stað hefði Lánatryggingasjóðsins ekki notið við og yfir 47% kvennanna meta það svo að verkefnið hefði ekki farið af stað án þessarar tryggingar. Hjá um helmingi þeirra sem fengu tryggingu hjá sjóðnum var helmingur fjármögnunar verkefnisins dekkjaður með lánum.

Ekki hafa orðið miklar breytingar á hinu opinbera stuðningsumhverfi við atvinnurekstur kvenna frá stofnun Lánatryggingasjóðs kvenna árið 1997.

Ýmsar aðgerðir sem stofnað hefur verið til hafa nú lagst af. Ef almenna styrkja- og lánakerfið nær takmarkað til kvenna og ekki er sjáanleg aukning á sértækum aðgerðum er ljóst að þær aðgerðir sem fyrir eru mega ekki leggjast af heldur þarf að efla þær og styrkja.

Fósturlandsins Freyjur



Nokkrir þátttakenda í Finnlandsheimsókn.

Verkefnið "Rural Business Women" er samstarfsverkefni fjögurra þjóða: Finnlands, Svíþjóðar, Skotlands og Íslands, en er undir stjórn Finna. Verkefnið hefur hlotið íslenska heitið "Fósturlandsins Freyjur", sem skírskotar bæði til landsins og landgæða, en ekki síður til Frjósemisgyðjunnar Freyju og annarra máttarkvenna. Verkefnið er styrkt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (Northern Periphery program) og Kvennasjóði Vinnumálastofnunar.

Verkefninu er ætlað að efla atvinnusköpun kvenna í dreifbýli, sem lýtur að nýtingu náttúruauðlinda í viðum skilningi, bæði framleiðslu og þjónustu sem byggir á náttúruauðlindum. Það er gert meðal annars með rannsóknum, fræðslu og stuðningi við smáfyrirtæki kvenna auk markaðsgreiningar og markaðssetningar náttúruafurða.



EES-vinnumiðlun

EURES (EUROpean Employment Services), er samstarf um vinnumiðlun milli ríkja á evrópska efnahagssvæðinu. Íslenskt heiti þess er EES-vinnumiðlun og var hún til húsa í verslunarmiðstöðinni Firði í Hafnarfirði á árinu til 30 júní en fluttist þá í húsnæði Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins að Engjateigi 11.

Um 800 Eures-ráðgjafar á opinberum vinnumiðlunum mynda samskiptanet í öllum ríkjum EES. Markmiðið er að auðvelda fólki að fá störf í öðrum EES-löndum og stuðla þannig að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli á svæðinu. Eures-ráðgjafar búa yfir sérfræðilþekkingu í atvinnumálum á evrópska efnahagssvæðinu og veita auk þess upplýsingar um ýmis önnur málefni eða vísa áfram til viðeigandi sérfræðinga.

Tveir Eures-ráðgjafar starfa nú við EES-vinnumiðlunina, Jón Sigurður Karlsson og Dröfn Haraldsdóttir. Á öllum svæðisvinnumiðlunum eru auk þess starfandi tengiliðir sem geta veitt ráðgjöf og/eða nánari upplýsingar um þjónustuna. Þórunn K Matthíasdóttir ráðgjafi á Svæðisvinnumiðlum Vesturlands sótti námskeið á vegum Vinnumálastofnunar Noregs (AETAT) sem er sniðið fyrir EES-tengiliði. Dröfn Haraldsdóttir fór á fund Norra Nordiska Nätverket, en það er sérstakur samvinnuvettvangur vinnumiðlana á nyrstu svæðum Norðurlanda. Jón Sigurður Karlsson sótti námskeið um „Living and working in Spain“ á Benalmadena Costa í Andalusíu. Atlantic Employment Partnership starfaði lítið sem ekkert á árinu, en það var sérstakur samvinnuvettvangur vinnumiðlana í Noregi, Skotlandi, N-Írlandi og Írlandi. Dröfn Haraldsdóttir hafði milligöngu um heimsókn starfsmanna Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins til FAS, írsku vinnumiðlunarinnar í Dublin. Líney Árnadóttir og Klara Ö Sigfúsdóttir sóttu námstefnu norður-norræna vinnumiðlana í Kemi, Finnlandi. Eins og sjá má af þessu er í gangi margs konar svæðisbundið samstarf á þessum EES-vettvangi.

Á árinu 2004 voru skráð samskipti við atvinnuleitendur, (tölur í svigum eiga við árið 2003), 8.638 (8551) við atvinnurek-



Starfsfólk Vinnumálastofnunar í heimsókn hjá Alcoa í upphafi framkvæmda.

endur 3.351 (887) og 393 (424) við ýmsa aðra aðila. EES-vinnumiðlun hefur tekið þátt í skýrslugerð um starfið og sendir tölur um fjölda umsókna og samskipti til EURES-report, sem er tölfraeðigagnabanki EURES samstarfsins. Samskipti íslensku Eures-ráðgjafanna við atvinnuleitendur, atvinnurekendur og aðra aðila eru eins og árið áður töluvert fleiri en gerist meðal kollega þeirra í öðrum löndum evrópska efnahagssvæðisins þegar reiknuð er út virkni á mann. Hins vegar vantar í þessa sameiginlegu EES-tölfræði meiri upplýsingar um árangurinn, t.d. hvað varðar fjölda ráðninga.

Samskipti við atvinnurekendur jukust mikið, en sendum umsóknum til þeirra fjölgaði verulega. Fjöldi samskipta við erlenda atvinnuleitendur var í takt við fjölda umsókna. Samskiptum við íslenska atvinnuleitendur fækkaði frekar, líklega vegna aukinna möguleika á sjálfshjálþ gegnum heimasíður Vinnumálastofnunar og EES-vinnumiðlunar og vegna batnandi atvinnuástands á Íslandi.

Umsóknir frá EES-borgurum sem fóru um hendur Eures ráðgjafa voru 7.305 (5.723), þar af komu 325 (294) til starfa. Það má því gera ráð fyrir 22 (19) umsóknum að meðaltali um hvert starf sem ráðið er í. EES-vinnumiðlun notar rafrænt umsóknareyðublað á internetinu, sem flýttir mjög afgreiðslu og miðlun í störf. Umsóknir frá nýju ESB/EES-löndunum tíu voru um 20% af heildarfjöldanum, flestar frá Póllandi. Upplýsingatæknimenn Vinnumálastofnun-



Gestir af haustfundum EES-Vinnumiðlunar í Hallormsstaðarskógi í september 2004.

ar höfðu umsjón með tæknilegum rekstri gagnagrunns sem hélt utan um umsóknirnar. Í lok desember var það verkefni fært til annars aðila, en því fylgdu ýmsir byrjunararferðleikar sem leiddu af sér að upplýsingar voru ekki eins aðgengilegar og eitthvað glataðist.

Vinnuafllspörf íslenskra fyrirtækja, að því leyti sem sóst var eftir að ráða frá útlöndum, hélt áfram að aukast. Það var áfram svipuð eftirspurn eftir fólki til landbúnaðarstarfa, lítið eitt aukin spurn eftir fólki til garðyrkjustarfa- og veruleg aukning til sláturhúsastarfa. Þá fjölgaði auglýstum störfum í ferðaþjónustu, einkum á landsbyggðinni. Framkvæmdir á Austurlandi leiddu af sér mikinn áhuga frá öðrum EES-borgurum á að taka þátt í virkjunarframkvæmdum. Fljótlega varð þó ljóst að aðalverktakinn vildi ekki ráða á þeim kjörum sem áður höfðu tíðkast við virkjanaframkvæmdir. Þar af leiðandi dró úr áhuga hæfra manna frá nágrennalöndunum. Það mátti þó líka sjá jákvæðar hliðar að því leyti sem virkjunarframkvæmdirnar virtust leiða til minni röskunar á vinnumarkaði framan af árinu en búist var við, en aðalverktakinn studdist einkum við portúgalskar starfsmannaleigur. Mikil starfsmannavelta meðal Portúgala og Íslendinga þótti og til vandræða. Væntingar um uppgripavinnu fyrir Íslendinga og EES-borgara við virkjanaframkvæmdir við Kárahnjúka voru ekki orðnar að veruleika á árinu 2004. Hins vegar varð mikil aukning

á tækifærum í byggingariðnaði hjá öðrum fyrirtækjum á Austurlandi. Kjörin á Austurlandi tóku að nokkru leyti mið af því sem var í boði við Kárahnjúka en höfðu ekki mikið aðráttarafl á iðnaðarmenn frá hinum Norðurlöndunum. Þrátt fyrir það tókst EES-vinnumiðlun að koma allmörgum pólskum byggingamönnum til starfa á Austurlandi m.a. í samvinnu við pólskar systurstofnanir og einnig nokkrum frá öðrum EES-löndum.

Verkbeidnum frá Reykjavíkursvæðinu vegna starfa til auglýsingar á Evrópska Efnahagssvæðinu hélt líka áfram að fjölga. Sama gilti um Vesturland og Suðurland, en verkbeidnir frá öðrum landshlutum voru í svipuðu horfi og áður. Á öllu árinu voru 168 (139) auglýsingar vegna 396 (330) starfa færðar í sameiginlegan gagnagrunn EURES-kerfisins í Brussel. Það tókst að manna tæplega 80% (85%) auglýstra starfa, hlutfall ráðninga var einna lakast í fiskvinnslu og í byggingariðnaði. Auglýsingum eftir byggingariðnaðarmönnum og vinnuvélastjórum fjölgaði verulega.

Auglýst störf á Íslandi í sameiginlegum gagnagrunni EES-vinnumiðlunar skiptast svo eftir atvinnugreinum:

	2004	2003	2002	2001
Landbúnaður	18%	20%	47%	26%
Kjötvinnsla	29%	28%	31%	17%
Fiskvinnsla	11%	12%	4%	21%
Framleiðsluiðnaður	5%	5%	2%	10%
Byggingariðnaður	24%	21%	0,5%	7%
Ferðaþjónusta	11%	10%	12%	7%
Heilbrigðisstofnanir	1%	3%	2%	4%
Upplýsingatækni	0%	0%	0,5%	5%
Annað	1%	1%	1%	3%

Framboð starfa á höfuðborgarsvæðinu fór heldur vaxandi. Sem fyrr var erfitt að fá leiguhúsnaði á viðráðanlegu verði á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir margar umsóknir um fiskvinnslustörf víðs vegar um landið voru ráðningar í slík störf hlutfallslega fáar. Ýmsar ástæður lágu að baki, í sumum tilfellum sérstakar aðstæður í húsnæðismálum, s.s. að ættingjum starfsmanna utan EES bauðst húsnæði en ekki öðrum. Einnig skipta máli eindregnar óskir atvinnurekenda um lengd ráðningartímabils, einkum



vegna þess að það tekur tíma að öðlast færni í starfinu. Þjónusta EES-vinnumiðlunar var valkostur sem boðinn var þeim sem vildu fá atvinnuleyfi fyrir fólk utan Evrópska efnahagssvæðisins og reyndist það í sumum tilvikum raunhæfur kostur, en ekki í öðrum. Þá gat EES-vinnumiðlun miðlað fólki frá nýju EES-löndunum í störf í samræmi við ákvæði um forgang þeirra umfram borgara þriðju ríkja.

Ráðningar til sláturhúsanna voru um 85 haustið 2004 (81 árið 2002) og er það sem fyrr stærsta einstaka verkefnið á vegum EES-vinnumiðlunar. Leitast var við að vera í góðu samstarfi við svæðisvinnumiðlanir í takt við þá stefnu að auka samþættingu EES-vinnumiðlunar við innlenda vinnumiðlun. Þá sá EES-vinnumiðlun fram til 30. júní um miðlun í störf til hafnarskra-fyrir tækja sem óskuðu sérstaklega eftir því, en liðlega 20 Hafnafirðingum var miðlað í störf í bænum. Þá sinnti skrifstofan almennri vinnumiðlun í Hafnafirði og næsta nágrenni, umfangið var 6-10% af skráningum og ráðningum á Höfuðborgarsvæðinu á fyrri hluta ársins.

Alls voru 325 (294) EES-borgarar ráðnir gegnum EES-vinnumiðlun til íslenskra atvinnurekenda á árinu 2004, svipaður fjöldi og árið áður. Fyrirspurnir bárust frá flestum EES-landanna, en milli 70-80% fyrirspurna voru sem fyrr frá hinum Norðurlöndunum og á það líka við um ráðningar. Helsta nýjung á árinu var miðlun Pólverja og fleiri nýrra EES-borgara í störf, enda þótt þeir þyrftu enn atvinnuleyfi.

Vitað var um 36 Íslendinga sem fóru til vinnu í öðrum EES-löndum árið 2004, sem er heldur færri en árið áður. Einnig er veitt ráðgjöf þeim sem koma í atvinnuleit til Íslands eða fara utan með vottorð E-303, sem veitir rétt til að flytja atvinnuleysisbætur í þrjá mánuði milli EES-landa.

Af öðrum verkefnum má nefna að EES-vinnumiðlun tók þátt í sameiginlegri kynningu Evrópusambandstengdra skrifstofa á Íslandi. Námskeið í verkefnastjórnun var haldið á vegum þessa hóps á árinu. Hópurinn hafði haldið úti dálki í Morgunblaðinu með reglulegu millibili um nokkurra ára skeið, en það lagðist niður á árinu.

Útþrá er kynningarvettvangur Hins hússins í samstarfi við Evrópusambandstengdra skrifstofa á Íslandi og fleiri aðila. Kynntir voru möguleikar ungs fólks til náms- og starfsdvalar erlendis. Þá tók EES-Vinnumiðlun þátt í kynningu á starfs- og námsmöguleikum á vegum Háskóla Íslands.



Frá vorkundi Eures 2004.

Árlegur fundur EES-vinnumiðlunar var haldinn í lok september á Egilsstöðum með þátttöku fulltrúa frá Póllandi, Svíþjóð, Norgei, Finnlandi og Portúgal. Meginþema fundarins tengdist stórfamkvæmdum á Austurlandi og hvernig allt samskiptanet EURES gæti komið að komið að notum við að útvega starfsfólk. Í tengslum við fundinn var farið í kynnisferð að Kárahnjúkum og til Reyðarfjarðar. Þar komust á tengsl milli Bechtel og pólska EURES ráðgjafans, en Bechtel vildi einkum líta til Póllands ef ekki fengiust nægilega margir Íslendingar.

Árlegur fundur var haldinn með forstöðumönnum svæðisvinnumiðlana og EES-tengiliðum í mars. Markmiðið er kynning á nýjungum og efling innra starfs einkum þess er snýr að EES-tengiliðum á öllum svæðisvinnumiðlunum.

Bæklingurinn Living and Working in Iceland, 18 bls að lengd, kom út á árinu í 2000 eintökum. Var hann sendur til EURES ráðgjafa í öllum EES-löndunum. Bætt var við kynningarefni á heimasíðu Vinnumálastofnunar og veffangið www.eures.is var stofnað.

Atvinnuleyfi útlendinga



Frá Kárahnjúkum.

Þann 1. maí 2004 fjölgaði nýjum aðildarlöndum Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins um tíu. Ríkisstjórn Íslands ákvað að beita aðgangstakmörkunum að íslenska vinnumarkaðnum með þeim hætti að fyrir vinnuafl frá nýju aðildarlöndunum þyrfti áfram að sækja um dvalar- og atvinnuleyfi líkt og um þriðju ríkisborgara væri að ræða. Hins vegar var á það bent m.a. á heimasíðu Vinnumálastofnunar, að samkvæmt viðauka B við aðildarsamning EES, væri núverandi aðildarríkjum gert að veita launamönnum sem eru ríkisborgarar nýju aðildarríkjanna forgang fram yfir ríkisborgara þriðju ríkja að því er varðar aðgengi að vinnumarkaði sínum á því tímabili sem innlendum ráðstöfunum er beitt. Í þessu fólst að fram til, að minnsta kosti, 1. maí 2006 yrði íslenskum fyrirtækjum bent á að umsóknir um heimild til að ráða til sín erlent vinnuafl frá nýju aðildarlöndunum nyttu forgangs í afgreiðslu hjá

Vinnumálastofnun fram yfir t.d. umsóknir um vinnuafl frá Filippseyjum eða Tælandi.

Þá hefur íslenskum fyrirtækjum er óska innflutnings á vinnuafl frá nýju aðildarlöndunum jafnframt verið bent á að hafa samband við EES-vinnumiðlunina sem starfar á vegum Vinnumálastofnunar en hún er fyrirtækjum til ráðgjafar og þjónustu varðandi leit að starfsfólki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í framkvæmd laganna hefur þessu forgangsréttarákvæði verið beitt og fjölmörgum umsóknum fyrir vinnuafl frá ríkjum utan ES/EES verið sýnað.

Náið samráð hefur verið á milli Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar um veitingu leyfa samkvæmt lögnum en samkvæmt 19. gr. laganna um atvinnuréttindi skulu stofnanirnar koma á fót sérstakri samráðsnefnd um framkvæmdina. Jafnframt er starfandi samstarfsnefnd sbr. ákvæði í 25. gr. laganna en í henni eiga sæti fulltrúar Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og formaður skipaður af félagsmálaráðherra án tilnefningar. Samkvæmt lögnum skal þessi nefnd kölluð saman vegna almennra álitamála varðandi útgáfu atvinnuleyfa og þegar beiðnir berast til Vinnumálastofnunar um atvinnuleyfi fyrir hópa útlendinga. Nefnd þessi vann að gerð reglugerðarinnar um atvinnuréttindi útlendinga er tók gildi á líðandi ári eins og áður var nefnt og hittist reglulega til þess að ræða önnur álitamál er varða málaflökkin.

Útgefin atvinnuleyfi árið 2004

Í heild fjölgaði veittum leyfum á milli árána 2003 og 2004 eða úr 3.304 árið 2003 í 3750 veitt leyfi árið 2004. Mikil fjölgun var á nýjum leyfum eða úr 563 árið 2003 í 1374 árið 2004. Þar sem tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda þarf að sækja um nýtt leyfi til að útlendingi sé heimilt að skipta um vinnustað. Þegar ákvörðun er tekin um veitingu leyfis til að skipta um vinnustað er horft til meginskilyrða laga um atvinnuréttindi útlendinga þ.e. þörf vinnumarkaðarins en einnig er



tekið tillit til aðstæðna þess útlendings sem um ræðir. Á árinu 2004 fækkaði þeim tilvikum þar sem útlendingar færðu sig á milli vinnustaða. Alls voru veitt 295 leyfi vegna vinnustaðaskipta árið 2003, en þau voru 236 árið 2004. Framlengd leyfi á sama vinnustað voru 1.135 árið 2004 og fækkaði úr 1.434 árið 2003. Heimilt er að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi hafi hann samfelld átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár, hafi öðlast búsetuleyfi (áður ótímabundið atvinnuleyfi) og hafi áður verið veitt tímabundið atvinnuleyfi. Búsetuleyfi voru 824 á árinu 2004 en 714 árið 2003. Á síðasta ári hægði á útgáfu þessara leyfa en nú er aukningin talsverð eða um 110 leyfi. Má að öllum líkindum rekja það til þess að á árunum 2001 og 2002 var útgáfa framlengdra leyfa mikil og hefur það skilað sér í fjölgun óbundinna leyfa árið 2004.

Atvinnuleyfi eftir þjóðernum, störfum og landsvæðum

Sem fyrr eru flest atvinnuleyfi veitt vegna Pólverja, eða alls 849 tímabundin leyfi samandi við 663 árið áður. Óbundin leyfi til Pólverja fóru úr 129 árið 2003 í 257 árið 2004. Kínverjum sem veitt voru tímabundin leyfi fjölgaði mikið á milli ára eða úr 110 árið 2003 í 275 en óbundnum leyfum til Kínverja fækkaði úr 23 í 13 á milli ára. Líkt og undanfarin ár þá eru Litháar, Filippseyingar og einstaklingar frá Serbíu og Svartfjallalandi fjölmennir meðal þeirra sem veitt voru atvinnuleyfi á árinu 2004.

Árið 2004 voru um 39% tímabundinna atvinnuleyfa veitt til höfuðborgarsvæðisins, sem er mun lægra hlutfall en árið áður. Að sama skapi varð hlutur Austurlands meiri, sem skýrist af fjölda atvinnuleyfa sem veitt voru vegna framkvæmda á Austurlandi og fjölgaði tímabundnum leyfum á Austurlandi úr 189 árið 2003 í 687 árið 2004.

Nýjum tímabundnum atvinnuleyfum vegna starfa við fiskvinnslu fjölgaði á milli ára úr 143 leyfum árið 2003 í 361 árið 2004. Þessi fjölgun er þvert á þá þróun sem átti sér stað á milli áruna 2001 og 2003 þegar nýjum tímabundnum leyfum í fiskvinnslu fækkaði úr 468 í 143. Veitt at-

vinnuleyfi til starfsfólks í byggingariðnaði fjölgaði nokkuð á milli áruna 2002 og 2003 eða úr 62 í 103. Þeim leyfum heldur áfram að fjölga og voru gefin út 466 ný tímabundin atvinnuleyfi vegna starfa í þeim greinum. Fjölgun var í útgáfu nýrra tímabundinna leyfa vegna starfa í kjötiðnaði eða úr 69 leyfum árið 2003 í 118 leyfi árið 2004. Í öðrum starfsgreinum eru breytingar minni en þó má almennt segja að um fjölgun sé að ræða í flestum greinum.

Veiting atvinnuleyfa 2000 til 2004

	2000	2001	2002	2003	2004
Ný tímab. leyfi	1.663	1.401	502	563	1374
Sérhæfðir starfsmenn	-	-	-	131	5
Nýr vinnustaður	659	646	506	295	236
Framl. tímab. leyfi	1.143	1714	1796	1434	1135
Óbundin leyfi	406	560	680	714	824
Atvinnu-rekstrarleyfi	4	7	3	0	0
Námsmannaleyfi	91	125	122	134	134
Vistraðningarleyfi	54	52	28	33	42
Samtals	4020	4505	3637	3304	3750

Ný tímabundin atvinnuleyfi 2004, skipt á starfsgreinar

	Fjöldi 2002	Fjöldi 2003	Fjöldi 2004	Hlutfall 2004
Iðnaðarm. og sérh. starfsm. í byggingarvinnu	62	103	466	29%
Fiskvinnsla	210	143	361	22%
Þríf - ræsting - uppvas	172	109	129	8%
Kjötiðnaður og slátrun	56	69	118	7%
Íþróttamenn og þjálfarar	59	80	112	7%
Stjórnun-sérfr-skrifst-listam ofl.	85	96	110	7%
Annar iðnaður, matvælaframl.	81	65	98	6%
Dansarar	65	57	62	4%
Landbúnaður	22	29	51	3%
Gæsla - umönnun - heimilishjál	59	26	43	3%
Iðnaðarm. og sérh. starfsm. í málmiðn og rafv.	22	25	25	2%
Matreiðsla - þjónar - barþjónar	11	9	19	1%
Afgreiðsla - lagerstörf	26	37	13	1%
Óvíst	76	4	2	0%
Sjómenn	2	4	1	0%
Samtals	1008	856	1610	100%


Ábyrgðasjóður launa árið 2004

Ábyrgðasjóður launa starfar samkvæmt lögum nr. 88/2003. Sjóðurinn ábyrgist greiðslu vinnulaunakröfu launþega og kröfu lífeyrissjóðs vegna lífeyrisdýgjalda á hendur vinnuveitanda við gjaldþrotaskipti eða þegar dánarbrú hans er til opinberra skipta og erfingjar hans ábyrgjast ekki skuldbindingar hans. Vinnumálastofnun annast skrifstofuhald fyrir sjóðinn á grundvelli samnings milli stjórnar sjóðsins, félagsmálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn tilnefndir af ASÍ og VSÍ og einn skipaður af félagsmálaráðherra. Stjórn sjóðsins var þannig skipuð árið 2004: Formaður var Sævar Þór Sigurgeirsson og aðrir í stjórn voru þau Ingvar Sverrisson og Hrafnhildur Stefánsdóttir.

Útgjöld sjóðsins

Heildargreiðslur Ábyrgðasjóðs launa árið 2004 námu 719 m.kr. Árleg útgjöld sjóðsins hafa því staðið tiltölulega í stað frá árinu 2002 þegar útgjöld sjóðsins tvöfölduðust frá árinu á undan.



Ú t g j ö l d vegna þrotabúa voru tæpar 714 m.kr. og vegna greiðsluferfiðleika fyrirtækja um 5 m.kr. Greiðslur vegna vangoldinna launa og slita á ráðningarsamningi námu 340 m.kr. og vegna vangoldinna lífeyrissjóðs-

gjalda 218 m.kr. Launagreiðslurnar jukust um 3,3 m.kr. frá árinu 2003 og lífeyrissjóðsgreiðslurnar lækkuðu um 10,9 m.kr. Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins fari minnkandi á næstu árum þar sem dregið hefur úr fjölda nýrra krafna, atvinnuleysi fer minnkandi en fylgni hefur verið milli atvinnuleysis og greiðslna úr sjóðnum og einnig hefur stórum gjaldþrotum fækkað undanfarið en þau eru oft eitt til tvö ár í vinnslu.

Álitsgerð á útgjaldaaukningu

Á árinu 2004 var gerð ítarleg skýrsla um ástæður útgjaldaaukningar Ábyrgðasjóðs launa. Unnið var út frá því að kortleggja umhverfið sem sjóðurinn starfar í og þann feril sem verður við gjaldþrot fyrirtækja og réttmæti þeirra krafna sem stofnað er til. Að álitsgerðinni vann Harri Ormarsson lögfræðingur. Meginorsök útgjaldaaukningarinnar er að finna í gríðarlegri fjölgun gjaldþrota síðastliðin ár og að fleiri stærri gjaldþrot eru en áður. Í álitsgerðinni er fjallað um ábyrgð stjórnenda þar sem þrotabú koma oft seint til skipta og mikill meirihluti þeirra er eignalaus þannig að lítið sem ekkert fæst upp í forgangskröfur. Algengt er að sami aðili eigi sæti í stjórn í fleiri en einu gjaldþrota félagi og er því velt upp hvort ekki sé tímabært að setja einhvers konar hömlur eða auknar tryggingar í slíkum tilfellum. Breytt viðskiptaumhverfi hefur einnig áhrif á útgjöld sjóðsins þar sem lánastofnanir eiga oft á tíðum allsherjarveð í öllum eignum fyrirtækja og því fáist lítið greitt upp í kröfur annarra kröfuhafa.

Til að lækka útgjaldaaukninguna er bent m.a. á að breyta þurfi gjaldþrotalögunum þannig að hægt verði að krefjast gjaldþrotaskipta án þess að forsvarsmáður fyrirtækis hafi mætt sannanlega til fyrirtöku hjá sýslumanni. Einnig væri hægt að stuðla að árangursríkari innheimtu hjá lífeyrissjóðum ef ábyrgðartímabil Ábyrgðarsjóðs launa væri stytta. Að lokum mætti gera auknar gæðakröfur á vinnubrögð skiptastjóra til að umsagnir þeirra gagnvart réttmæti launa- og lífeyrisskrafna séu vel ígrundaðar, þó svo þrotabúin séu eignarlaus eða litlir fjármunir til.

Framundan hjá sjóðnum

Áhersla í starfi Ábyrgðasjóðs launa á árinu 2005 er að auka skilvirkni rafrænna skráninga. Um 85% allra lífeyrissjóðskrafna koma með rafrænum hætti og hefur það nú þegar skilað sér hvoru tveggja í vinnusparnaði og áreiðanleika í tölulegri vinnslu. Framundan er að launakröfurnar komi einnig inn með sama hætti og hefur þó nokkurri vinnu verið varið í að hanna og móta tölvuumhverfið með það fyrir augum.

Atvinnuleysistryggingar

Vinnumálastofnun sinnir ýmsum þáttum atvinnuleysistrygginga. Svæðisvinnumiðlanir annast skráningu atvinnulausra, en einnig hefur verið gerður samningur við fjölmarga skráningarstaði um land allt um skráningu atvinnulausra. Svæðisvinnumiðlanir veita atvinnulausum upplýsingar og hafa eftirlit með því að umsækjendur um atvinnuleysisbætur fullnægi skilyrðum laga um atvinnuleysistryggingar. Þá skulu þær miðla upplýsingum til úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta um atvinnulausa og jafnframt tilkynna þeim ef rökstudd ástæða er til þess að ætla að umsækjendur um atvinnuleysisbætur uppfylli ekki lagaskilyrði til bóta.

Svæðisvinnumiðlanir utan höfuðborgarsvæðisins sjá einnig um greiðslur atvinnuleysisbóta, en á höfuðborgarsvæðinu sjá Efling og Verslunarmannafélag Reykjavíkur um greiðslur bóta. Atvinnuleysisbætur eru ákveðnar af úthlutunarnefndum á hverju svæði. Tvær úthlutunarnefndir eru starfandi á höfuðborgarsvæðinu.




Einnig er sérstök úthlutunarnefnd vegna Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga og fer afgreiðsla þeirra umsókna fram á skrifstofu Vinnumálastofnunar.

Atvinnuleysistryggingasjóður

Atvinnuleysistryggingasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar og síðari breytingum á þeim. Vinnumálastofnun annast, sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins í umboði sjóðsstjórnar. Félagsmálaráðherra skipar stjórn sjóðsins samkvæmt tilnefningum aðila vinnumarkaðarins, en formann stjórnarinnar án tilnefningar.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs 2001 til 2005 skipa þau Þóroddur Ólafsson, formaður, Erna Hauksdóttir, varaformaður, Ellert Eiríksson, Guðmundur Þ Jónsson, Hervar Gunnarsson, Ína H. Jónasdóttir, Jón H. Magnússon, Jón Rúnar Pálsson og Páll Halldórsson.

Sjóðurinn hefur einkum tekjur af atvinnutryggingagjaldi. Á árinu 2004 námu tekjur sjóðsins, að fjármunatekjum frátöldum, um 3.947 milljónum króna sem er





Frá samræmingarfundi úthlutunarnefndar vorið 2004.

nokkuð hærra en árið 2003 þegar þær námu 3.692 milljónum. Fjármunatekjur voru 379 milljónir sem er einnig nokkru meira en árið 2003 þegar þær námu 344 milljónum.

Nokkuð dró úr atvinnuleysi árið 2004 miðað við árið á undan eða úr 3,4% í 3,1%. Greiðslur atvinnuleysisbóta voru 4.246 árið 2004 samanborið við 3.907 milljónir árið á undan þrátt fyrir að dregið hafi úr atvinnuleysi á sama tíma. Má að hluta til rekja það til þess að gjaldaliðurinn framlög og styrkir ásamt starfsþjálfun sem áður tilheyrði liðnum; úrræði fyrir atvinnuleitendur, hafa verið felld undir atvinnuleysisbótaliðinn. Það er því ekki um samdrátt að ræða í sérstökum verkefnum og úrræðum fyrir atvinnuleitendur heldur einungis tilfærslu. Sérstök framlög til starfsmenntunar voru 140 milljónir árið 2004 og er það mikil aukning frá árinu á undan þegar slík framlög voru 53 milljónir. Er þessi mikla aukning tilkomin vegna samkomulags á milli aðila vinnumarkaðarins í mars 2004. Samkomulags sem ætlað var að treysta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði með því að gefa þeim kost á efla og endurnýja þekk-

ingu sína og gera þá hæfari til að takast á við ný verkefni. Samkvæmt fjárlögum var framlag til starfsmenntunar 100 milljónir króna og gekk það til Landsmenntar og Starfsafls. Til viðbótar fékk Sjómennt úthlutað samkvæmt fjárlögum 40 milljónir króna árið 2004. Framlag til kjararannsóknarnefndar nam rúmum 40 milljónum sem var heldur meira en árið 2003 þegar slík framlög námu um 35 milljónum og að lokum má nefna að starfsmenntasjóður úthlutaði um 65 milljónum á árinu 2004 sem var nánast sama upphæð og árið áður.

Eignir sjóðsins voru í árslok 2004 um 8.132 milljónir króna en voru um 8.704 milljónir í árslok 2003. Er ljóst að sjóðurinn er fjárhagslega vel stæður og er í stakk búinn að greiða atvinnuleysisbætur í viðlíka atvinnuleysi og var á árinu 2004, en þá var það að meðaltali 3,1%.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga starfar samkvæmt lögum nr. 46/1997. Um er að ræða tryggingasjóð vegna atvinnuleysis bænda, vörubifreiðastjóra og smábátaeigenda, og er heimild í lögnum til að bæta við öðrum starfsgreinum.

Sjóðurinn er í umsjá Vinnumálastofnunar í umboði sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins er tilnefnd af samtökum þeirra starfsgreina sem aðild eiga að sjóðnum og skipar félagsmálaráðherra formann stjórnar án tilnefningar.

Stjórn sjóðsins árið 2004 var þannig skipuð:; Hermann Sæmundsson var formaður stjórnar til 23. janúar 2004 þegar Þorlákur Björnsson tók við formennsku, Leifur Eysteinnsson, Örn Pálsson, Knútur Halldórsson og María Hauksdóttir

Tekjur sjóðsins eru einkum af atvinnu-tryggingagjaldi sjóðfélaga og námu rúmum 24 milljónum árið 2004. Er það nokkur tekjuaukning frá árinu á undan þegar tekjur sjóðsins voru um 19 milljónir. Fjármunatekjur voru um 10 milljónir sem er nokkru hærra en 2003. Greiðslur atvinnuleysisbóta drógust saman á milli ára og námu um



12 milljónum árið 2004 en voru um 15 milljónir árið 2003. Eignir sjóðsins voru í árslok 2004 um 213 milljón en voru í lok ársins 2003 rúmar 193 milljónir.

Úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta

Úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta er skipuð af félagsmálaráðherra til fjögurra ára í senn skv. 17. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar. Úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta skal úrskurða í málum sem skotið er til hennar af umsækjendum um atvinnuleysisbætur eða stjórn Atvinnuleysisstrygginga-sjóðs. Í lögunum segir að nefndarmenn skuli hafa víðtæka þekkingu á vinnumarkaðinum. Formaður og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir héraðsdómarar. Úrskurðir nefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

Í úrskurðarnefndinni árið 2004 sátu þau, Árni Benediktsson fyrrv. Framkvæmdastjóri, Benedikt Davíðsson fyrrv. forseti ASÍ og formaður nefndarinnar Linda Björk Bentsdóttir, forstöðumaður viðskipta-sviðs Frjálsa fjárfestingabankans hf. Starfsmaður nefndarinnar er Þórey Aðalsteinsdóttir, lögfræðingur á Vinnumálastofnun.

Fjöldi úrskurða sem nefndin felldi árið 2004 voru 99 sem er töluverð fækkun frá árinu á undan þegar þeir voru 145 og hafði þá fjölgað undanfarin ár úr 87 úrskurðum árið 2000.



Þátttakendur á atvinnuleysisstryggingamóti sem haldið var á Akureyri í júní 2005.

Starfsmenntaráð



Frá úthlutun styrkja úr starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins til starfsmenntunar í maí 2004.

Starfsmenntaráð starfar samkvæmt lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu nr. 19/1992. Það heyrir undir félagsmálaráðuneytið og fær fjárframlög úr Atvinnuleysis-tryggingasjóði og annast Vinnumálastofnun alla umsýslu ráðsins.

Meginmarkmið Starfsmenntaráðs er að styðja viðleitni launafólks og fyrirtækja til að kljást við stöðugt flóknara vinnuumhverfi með því að efla atvinnulíf hér á landi og auka starfsmöguleika. Leiðir að því marki eru að sinna ráðgjöf til stjórnvalda á vettvangi starfsmenntunar og styðja við frumkvæði og uppbyggingu starfsmenntunar í atvinnulífinu. Í þeim tilgangi veitir Starfsmenntaráð styrki til verkefna á sviði starfsmenntunar, verkefna eins og námskeiðahalds, námsgagnagerðar og rannsókna.

Starfsmenntaráð hefur umsjón með starfsmenntasjóði og árlega er auglýst eftir umsóknum í sjóðinn. Samtök atvinnurekenda og launafólks, fyrirtæki, starfsmenntaráð einstakra atvinnugreina, eða menntastofnanir í samstarfi við ofangreinda aðila eiga rétt á að sækja um styrk í sjóðinn.

Viðmiðin sem Starfsmenntaráð gengur út frá við val á verkefnum til að styrkja eru að:

- verkefnið nái til sem flestra
- verkefnið mæti sýnilegri þörf á endurmenntun
- verkefnið séu unnin í samvinnu ólíkra aðila.

Rúmlega 50 milljónum er úthlutað árlega. Verkefni skulu stuðla að aukinni framleiðni fyrirtækja, greiða fyrir tæknifyngum og auka verkkunnáttu starfsfólks. Starfsmenntaráð fær afhend náms- og

kennslugögn sem unnin hafa verið fyrir styrki úr starfsmenntasjóði og hefur góðan gagnagrunn yfir þessi gögn.

Á árinu 2004 ákvað Starfsmenntaráð að tveir flokkar verkefna skyldu hljóta hefðbundna styrki úr starfsmenntasjóði en til úthlutunar voru 55 milljónir.

Verk- og tæknigreinar

Sérstaklega var litið til verkefna sem stuðluðu að auknum tækifærum fyrir þá sem litlu námi höfðu lokið innan formlega skólakerfisins. Ófaglærðir, ungt fólk, atvinnulausir og erlendir starfsmenn voru sérstaklega hvattir til náms sem eykur möguleika þess á vinnu- markaði.

- 49 aðilar sóttu um styrk að upphæð kr. 150.308.970 til 66 verkefna
- 27 aðilar fengu styrk að upphæð kr. 34.925.000 til 31 verkefnis.

Ferðapjónusta og útivist

Ferðapjónusta og útivist er hratt vaxandi þáttur í íslensku atvinnulífi og útlit fyrir að svo verði áfram. Vaxandi eftirspurn hefur verið innan þessara greina eftir sérþekkingu á ákveðnum sviðum í þeim tilgangi að auka gæði þjónustunnar, fagmennsku og öryggi. Lögð var sérstök áhersla á nýsköpunarverkefni.

- 24 aðilar sóttu um styrk að upphæð kr. 56.089.710 til 28 verkefna
- 21 aðili fékk styrk að upphæð kr. 20.450.000 til 24 verkefna.

Alls bárust umsóknir frá 69 aðilum til 94 verkefna að upphæð kr. 206.398.680 en styrkir voru veittir til 45 aðila vegna 55 verkefna að upphæð kr. 55.375.000.

Auk þess voru styrkir að upphæð kr. 3.350.000 veittir á árinu til hvatningar- og rannsóknarverkefna og heildarstyrkúthlutun ársins því kr. 58.725.000.

Í maí 2004 stóð Starfsmenntaráð fyrir ferð til Skotlands til að kynna fyrirkomulagi starfsmenntunar þar og var áhersla lögð á vottun raunfærni annars vegar og á fjar-nám eða námsframboð í dreifbýli hins vegar. Fulltrúum stéttarfélaganna, fræðsluaðila og atvinnurekenda var boðin þátttaka í ferðinni.

Sjá nánar um Starfsmenntaráð á heimasíðu ráðsins www.starfsmenntarad.is

Alþjóðlegt samstarf

Norrænt samstarf

Norræna vinnumálasamstarfið er samkvæmt skipulagi sem tók gildi 1. janúar 2001 og gildi 2001-2004. Ísland gegndi þar formennsku árið 2004.

Embættismannanefnd (EK-A), sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju landi, hefur það hlutverk að vera stefnumarkandi í vinnumálum. Gylfi Kristinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu var fulltrúi Íslands í nefndinni á árinu 2004.

Undir embættismannanefndina heyra 5 fastanefndir sem stýra ákveðnum verkefnum á vinnumálasviðinu. Þær eru: Nefnd um vinnumarkaðsmál, nefnd um atvinnulíf- og vinnuréttarmál, nefnd um innflytjendur, nefnd um vinnuumhverfi og nefnd um vinnuumhverfissrannsóknir.

Af Íslands hálfu var lögð áhersla á það á árinu 2004 að fylgja eftir norrænu verkefni sem miðar að því að ryðja úr vegi hindrunum fyrir frjálsum búferlaflutningi á milli Norðurlandanna.

Einnig var ákveðið að stofna til norræns samstarfsverkefnis um leiðir til að eyða mun á launum karla og kvenna. Ákveðið var að gera samanburðarrannsókn á reglum um fæðingarorlof og kanna stöðu eldri starfsmanna á vinnumarkaðnum. Þá var stefnt að aukinni miðlun upplýsinga á milli landanna, m.a. um reynslu af starfsemi vinnumiðlunar á svæðum með einhæft atvinnulíf og um áhrif fjölgunar aðildarríkja ESB á norrænan vinnumarkað.

Rædd voru drög að nýrri samstarfsáætlun Norðurlandanna á sviði vinnumála og vinnuverndarmála fyrir árin 2005 til 2008. Samþykkt var að veita styrk til verkefnis um launajafnrétti kvenna og karla og ákveðið var að halda ráðstefnu um fjölbreyttari atvinnutækifæri fyrir fatlaða á árinu 2005. Danmörk er með forystu í norræna samstarfinu á árinu 2005.

Nefnd um vinnumarkaðsmál er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir. Verkefni nefndarinnar tengdust aðalmarkmiðum ráðherranefndarinnar á vinnumálasviðinu sem nær yfir tímabilið 2001-2004, þar sem lögð er áhersla á fulla atvinnu, afnám landamærahindrana og efl-



Frá vorkundi Eures 2004.

ingu norræna velferðarkerfisins. Áhersla var lögð á 3 höfuðsvið, eldra fólk sem er óvirkt á vinnumarkaði, samspil menntastefnu og vinnumarkaðsstefnu í hagkerfinu og hreyfanleika vinnuaflds bæði innan og á milli Norðurlandanna.

Vinnumarkaðsnefndin styrkti á árinu 2004 starf stýrihóps um uppbyggingu rafrennar vinnumiðlunar á Norðurlöndum á árinu 2004 auk þess sem gerð var athugun á þeim skilyrðum sem sett eru gagnvart þeim sem fara á milli atvinnuleysistryggingakerfa á Norðurlöndum.

Nefndin stóð straum af kostnaði við útgáfu skýrslu um samninga og þróun starfsmenntunar og -þjálfunar á Norðurlöndum.

Meðal nýrra verkefna sem ákveðið var að byrja á, er verkefni um vandamál sem vinnumiðlanir á Vestnorræna svæðinu eiga við að glíma vegna einhæfni atvinnulífs, staðbundinna sérkenna vinnumiðlana, fjarlægðar við notendur vinnumiðlunarþjónustunnar og samgangna.

Ákveðið var að halda ráðstefnu um fjarvistir frá vinnustað vegna veikinda og reynslu Norðurlandanna í þeim efnum.



Hluti NIAL hópsins í heimsókn í Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði sumarið 2004.

Vinumarkaðsnefndin fjármagnar norrænt atvinnuleysistryggingamót sem haldin eru til skiptis í löndunum annað hvert ár. Á árinu 2005 var ákveðið að halda mótið á Akureyri. Ákveðið var að endurskoða samninginn um norrænan vinnumarkað.

Áhrif stækkunar ESB á norrænan vinnumarkað var einnig til skoðunar í norrænum vinnuhópi sem skoðar aðgerðir í einstökum ríkjum Norðurlanda vegna stækkunarinnar.

Vinumarkaðsnefndin tók einnig þátt í endurskoðun samstarfsáætlunar Norðurlanda á vinnumarkaðssviðinu 2005-2008.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar er fulltrúi Íslands í nefndinni.

Nefnd um atvinnulíf og vinnuréttarmál. Fulltrúi Íslands er Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir starfsmaður félagsmálaráðuneytis. Vinnuréttarnefndin hefur lagt megináherslu á að fjalla um áhrif nýrra tillagna á sviði vinnuréttarmála sem hafa verið til umfjöllunar hjá Evrópusambandinu og framkvæmd annarra tillagna sem þegar hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu og fyrirhugað er að ná til Evrópska

efnahagssvæðisins. Sjónum var beint að vinnutímatilskipun og þjónustutilskipun ESB og að áhrifum stækkunar ESB. Rædd var aukin samvinna nefndarinnar við Eystrasaltslöndin.

Aðrar fastanefndir eru *nefnd um vinnuverndarmál* (með þátttöku Vinnueftirlits ríkisins), *nefnd um vinnuverndarrannsóknir* (með þátttöku Vinnueftirlits ríkisins) og *nefnd um innflytjendur*, en í þeirri nefnd situr fulltrúi frá félagsmálaráðuneytinu.

Þeir verkefna- og samskiptahópar sem tengjast vinnumálasamstarfinu eru þessir:

Samstarfshópur um vinnumiðlun hóf starf sitt á árinu 2003 og lauk starfi sínu í lok árs 2004. Markmið hópsins var að leita leiða til þess að auka vinnumiðlun á milli Norðurlandanna, m.a. með því að samnýta betur þá netþjónustu sem norrænar vinnumiðlanir bjóða upp á og auðvelda vinnumiðlun yfir landamæri. Í þessu sambandi var ákveðið að líta til þróunar EURES-kerfisins á Evrópska efnahagssvæðinu. Settur var á fót stýrihópur sem starfa mun á árinu 2005 og útfærir hugmyndir um að bæta vinnumiðlun á milli Norðurlandanna, en meðal þess sem unnið er að er gagnagrunnur um laus störf á norrænni heimasíðu, upplýsingar um lífs- og starfsferil atvinnuumsækjenda og upplýsingar um lífs- og vinnuskilyrði á Norðurlöndum. Frank Friðrik Friðriksson var í forsvari fyrir stýrihópnum á árinu 2004.

Starfandi eru tveir samstarfshópar um afmörkuð verkefni á sviði atvinnuleysistrygginga. Um er að ræða *samstarfshóp vegna flutnings atvinnuleysisbóta milli Norðurlanda* og *nefnd vegna ráðstefna um atvinnuleysistryggingar* sem haldnar eru á tveggja ára fresti. Jóngeir H. Hlinason er fulltrúi Íslands í þessum hópum.

Ennfremur eru starfshópar starfandi um afmarkaðri verkefni. Einn slíkur er *NIAL* sem sér um fjölbreytta útgáfustarfsemi um vinnumál. Á vegum starfshópsins eru gefin út tímaritin *Arbetsliv* í Norden (AN) og *Nordic Labour Journal* (NLJ). AN kemur út þrisvar á ári og er á norrænum tungum en NLJ kemur út tvisvar á ári og er útgefið á ensku. Hópurinn undirbýr einnig þátttöku Norðurlandanna í *Employment Week* í Brussel á



hverju ári. Á árinu 2004 hélt hópurinn tvo fundi og var annar þeirra á Íslandi. Í einu blaðanna var sérstaklega fjallað um virkjunarframkvæmdirnar á Íslandi. Margrét Kr. Gunnarsdóttir hjá Vinnumálastofnun er fulltrúi Íslands í starfshópnum.

Nokkur ungmennaskiptaverkefni eru á sviði embættismannanefndarinnar og er þeim stýrt af Norræna félaginu. *Nordjobb* byggir á ungmennaskiptum ungs fólks á milli Norðurlandanna. Á árinu 2004 héldu 78 íslensk ungmenni til starfa á Norðurlöndunum og 73 ungmenni komu til vinnu á Íslandi frá hinum Norðurlöndunum.

Loks hafa forstjórar Norræna vinnumiðlana með sér samstarf um framkvæmd vinnumiðlunar á Norðurlöndunum og það sem efst er á baugi hjá norrænum vinnumiðlunum.

Annað alþjóðlegt samstarf

Vinnumálastofnun hefur verið þátttakandi í EURES - evrópsku vinnumiðlunarsamstarfi, allt frá árinu 1994, og er fjallað ítarlega um það annars staðar í skýrslunni. Ólafur Finn­bogason var fulltrúi Íslands í samstarfsnetinu árið 2004.

Þá eiga Íslendingar áheyrnarfulltrúa í verkefni sem hefur með rannsóknarvinnu á sviði vinnumarkaðsmála að gera, EIM Programme (Employment Incentive Measures). Karl Sigurðsson er fulltrúi Íslands í verkefninu.

Gissur Pétursson forstjóri á sæti í nefnd forstjóra opinberra vinnumiðlana í Evrópu (Heads of PES).

Misep (Mutual Information System On Employment Policy) er samstarf ESB og EES ríkja varðandi miðlun upplýsinga m.a. um vinnumarkaðsmál og tekur Frank Friðrik Friðriksson hagfræðingur þátt í því samstarfi. Ráðstefna Misepfulltrúa frá ESB, Nor­egi og Íslandi var haldin í Hollandi á árinu 2004 um minnkandi atvinnuþátttöku í ESB.

Vinnumálastofnun hefur einnig með höndum miðlun upplýsinga og skýrslugerð um vinnumarkaðinn til alþjóðastofnana, einkum ILO og OECD.



Gestir frá EURES ráðstefnu haustið 2004 í heimsókn á Skriðuklaustri.



Svæðisráð og úthlutunarnefndir 2004

Svæðisráð

Austurland

Þorvaldur Jóhannsson, form.	sv.fél.	<i>Tilnefndur af</i>
Helga M. Steinsson	frh.skólum	
Ásbjörn Guðjónsson	sv.fél.	
Haukur Björnsson	SA	
Sólveig D. Bergsteinsdóttir	SA	
Jón I. Kristjánsson	ASÍ	
Þorkell Kolbeins	ASÍ	
Már Sveinsson	BSRB	
Jóhannes Pálsson	SA	

Vestfirðir

Áslaug Alfreðsdóttir, form.	SA
Guðrún Stefánsdóttir	frh.skólum
Ragnheiður Hákonardóttir	sv.fél.
Ómar Már Jónsson	sv.fél.
Óðinn Gestsson	SA
Kristján G. Jóakimsson	SA
Helgi Ólafsson	ASÍ
Lilja R. Magnúsdóttir	ASÍ
Martha L. Olsen	BSRB

Norðurland vestra

Ragnar I. Tómasson, form.	SA
Atli M. Óskarsson	frh.skólum
Björn Þorgrímsson	sv.fél.
Katrín M. Andrésdóttir	sv.fél.
Jón E. Friðriksson	SA
Einar Einarsson	SA
Jón Karlsson	ASÍ
Ásgerður Pálsdóttir	ASÍ
Sigríður Gísladóttir	BSRB

Suðurland

Guðmundur Búason, form.	SA
Eyvindur Bjarnason	frh.skólum
Páll Stefánsson	sv.fél.
Jóna Sigurbjartsdóttir	sv.fél.
Bjarni Stefánsson	SA
Örn Grétarsson	SA
Guðrún Erlingsdóttir	ASÍ
Ragna Larsen	ASÍ
Sæmundur H. Friðriksson	BSRB

Suðurnes

Kristbjörn Albertsson, form.	sv.fél.
Ólafur Jón Arnbjörnsson	frh.skólum
Sigurður Enoksson	sv.fél.
Eyþór Jónsson	SA
Gunnar Olsen	SA
Stefán Sigurðsson	SA
Guðbrandur Einarsson	ASÍ
Kristján G. Gunnarsson	ASÍ
Johan D. Jónsson	BSRB

Vesturland

Guðmundur P. Jónsson, form.	SA
Hörður Ó. Helgason	frh.skólum
Björn Arnaldsson	sv.fél.
Gunnólfur Lárusson	sv.fél.
Pétur Geirsson	SA
Sigríður Finsen	SA
Einar Karlsson	ASÍ
Sveinn Hálfðanarson	ASÍ
Þröstur Kristófersson lét af störfum í árslok,	
Guðrún Eggertsdóttir tók sæti hans fyrir	
BSRB	

Norðurland eystra

Arna J. Björnsdóttir, form.	BSRB
Guðmundur B. Þorkelsson	frh.skólum
Hólmar Svansson	sv.fél.
Tryggvi Jóhannsson	sv.fél.
Ásgeir Magnússon	SA
Helgi Pálsson	SA
Rósa Guðmundsdóttir	SA
Aðalsteinn Baldursson	ASÍ
Þorsteinn E. Arnórsson	ASÍ

Höfuðborgarsvæðið

Hannes G. Sigurðsson, form.	SA
Sölvi Sveinsson	frh.skólum
Sigurros Þorgrímsdóttir	sv.fél.
Björk Vilhelmsdóttir	sv.fél.
Rebekka Ingvarsdóttir	SA
Bjarki Júlíusson	SA
Hjördís Baldursdóttir	ASÍ
Linda Baldursdóttir	ASÍ
Sigríður Kristinsdóttir	BSRB

Úthlutunarnefndir

Höfuðborgarsvæðið

Úthlutunarnefnd 1	<i>Tilnefndur af</i>
Guðm. G. Guðm.son, form.	Atv.l.tr.sj.
Garðar Vilhjálmsson	ASÍ
Þuríður Einarsdóttir	BSRB
Ragnar Árnason	SA
Kolbeinn Finnsson	SA

Úthlutunarnefnd 2

Margrét Tómasdóttir, form.	Atv.l.tr.sj.
Árni Leósson	ASÍ
Birna S. Karlsdóttir	BSRB
Kristín Jónsdóttir	SA
Jakobína Jónsdóttir	SA

Suðurnes

Bjarni Andrésson, form.	Atv.l.tr.sj.
Ingibjörg Magnúsdóttir	ASÍ
Sæmundur Pétursson	BSRB
Ottó Hafliðason	SA
Ómar Valdimarsson	SA

Vesturland

Bára K. Guðmundsd., form.	Atv.l.tr.sj.
Sigríður H. Skúladóttir	ASÍ
Kristín F. Jónsdóttir	BSRB
Bergþór Guðmundsson	SA
Ólafur J. Þórðarson lést í aprilmánuði	
Anna Ólafsdóttir tók sæti hans fyrir	SA

Vestfirðir

Karvel Pálmason, form.	Atv.l.tr.sj.
Pétur Sigurðsson	ASÍ
Kristján Finnbogason	BSRB
Björn Jóhannesson	SA
Eggert Jónsson	SA

Norðurland vestra

Valdimar Guðmanns., form.	Atv.l.tr.sj.
Ásgerður Pálsdóttir	ASÍ
Sigríður Gísladóttir	BSRB
Kári Snorrason	SA
Gisli Garðarsson	SA

Norðurland eystra

Konráð Alfreðsson, form.	Atv.l.tr.sj.
Guðmundur Ó. Guðmunds.	ASÍ
Ágúst Óskarsson	BSRB
Ásgeir Magnússon	SA
Sigurður Jóhannesson	SA

Austurland

Hrafnkell A. Jónsson, form.	Atv.l.tr.sj.
Þorkell Kolbeins	ASÍ
Jóhann Sveinbjörnsson	BSRB
Auður Ingólfssdóttir	SA
Sigurður Ragnarsson	SA

Suðurland

Jóna S. Gestsdóttir, form.	Atv.l.tr.sj.
Ragna Larsen	ASÍ
Stefanía Geirsdóttir	BSRB
Örn Grétarsson	SA
Gunnar Kristmundsson	SA



Ársreikningar Vinnumálastofnunar 2004


Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997 tóku gildi tóku gildi 1. júlí 1997 og samkvæmt þeim hefur Vinnumálastofnun yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu. Vinnumálastofnun annast fjárvörslu, umsýslu og afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, Ábyrgðasjóð launa og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga á sameiginlegri skrifstofu vinnumála. Sérstök stjórn er yfir Vinnumálastofnun svo og hinum einstöku sjóðum.


Á árinu 2004 varð tekjuafgangur 17.695 þús. kr. í samanburði við tekjuhalla að fjárhæð 18.356 þús. kr. á árinu 2003. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 194.028 þús. kr. og eigði fé var jákvætt um 26.956 þús. kr. í árslok 2004.


Stjórn Vinnumálastofnunar staðfestir ársreikning þennan fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík 19.09 2005


Hrólfur Ölvísson


Adolf H. Berndsen



Jón H. Magnússon


Halldór Grönnvold


Sjöfn Ingólfssdóttir


Þórður Ólafsson


Ellert Eiríksson


Jón Rúnar Pálsson

Forstjóri


Gissur Pétursson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Vinnumálastofnunar

Við höfum endurskoðað ársreikning Vinnumálastofnunar fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Vinnumálastofnunar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Vinnumálastofnunar á árinu 2004, efnahag 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 23.09 2005


Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi


Kristjana Ólöf Sigurðardóttir
endurskoðandi



Rekstrarreikningur árið 2004

	2004	2003
Tekjur		
Þjónustutekjur	245.000.000	229.500.000
Aðrar tekjur	8.940.097	7.667.494
	<u>253.940.097</u>	<u>237.167.494</u>
Gjöld		
Rekstur aðalskrifstofu	138.208.850	135.001.527
Svæðisvinnumiðlanir	248.972.538	253.425.702
Atvinnuleysisskráning, þjónustusamningar	16.021.189	15.248.503
Önnur sérverkefni	4.611.324	5.824.777
	<u>407.813.901</u>	<u>409.500.509</u>
Eignakaup	4.130.998	7.923.009
	<u>411.944.899</u>	<u>417.423.518</u>
(Tekjuhalli) fyrir ríkisframlag	(158.004.802)	(180.256.024)
Ríkisframlag	175.700.000	161.900.000
Tekjuafgangur ársins	<u>17.695.198</u>	<u>(18.356.024)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

	2004	2003
Eignir		
Veltufjármunir		
Atvinnuleysistryggingasjóður	154.117.711	110.776.592
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ..	2.982.491	1.982.611
Ábyrgðarsjóður launa	0	11.991.615
Skammtímakröfur	6.293.855	1.645.882
Ríkissjóður	28.916.473	14.491.089
Handbært fé	1.717.198	3.264.052
	<u>194.027.728</u>	<u>144.151.841</u>
Eignir alls	<u>194.027.728</u>	<u>144.151.841</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Staða í ársbyrjun	(1.291.529)	17.064.495
Breyting vegna lokafjárlaga 2003	10.552.000	0
Tekjuafgangur ársins	17.695.198	(18.356.024)
Eigið fé	<u>26.955.669</u>	<u>(1.291.529)</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Skuldir við lánastofnanir	146.271.757	141.985.142
Ábyrgðasjóður launa	12.307.866	0
Lánardrotnar aðrir	8.492.436	3.458.228
Skuldir	<u>167.072.059</u>	<u>145.443.370</u>
Eigið fé og skuldir alls	<u>194.027.728</u>	<u>144.151.841</u>



Sjóðstreymi árið 2004

	2004	2003
Rekstrarbreytingar		
Veltufé frá rekstri:		
Tekjuafgangur (-halli) ársins	17.695.198	(18.356.024)
	<u>17.695.198</u>	<u>(18.356.024)</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur (hækkun)	(36.997.357)	(103.260.916)
Skammtímaskuldir, hækkun	21.628.689	56.037.949
	<u>(15.368.668)</u>	<u>(47.222.967)</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>2.326.530</u>	<u>(65.578.991)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Framlag ríkissjóðs	(175.700.000)	(161.900.000)
Greitt úr ríkissjóði	171.826.616	213.533.597
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(3.873.384)</u>	<u>51.633.597</u>
(Lækkun) á handbæru fé	<u>(1.546.854)</u>	<u>(13.945.394)</u>
Handbært fé í ársbyrjun	3.264.052	17.209.446
Handbært fé í lok árs	<u>1.717.198</u>	<u>3.264.052</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

"Ársreikningur Vinnumálastofnunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 144/1994 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum. "

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Fjárheimildir og rekstur

"Fjárlög fyrir árið 2004 gerðu ráð fyrir svipaðri starfsemi og árið á undan. Fjárveitingar á fjárlögum til Vinnumálastofnunar námu samtals 171.700 þús. kr. Á fjáráukalögum fékk stofnunin 4.000 þús. kr. fjárveitingu til að ráða starfsmann til að annast útgáfu atvinnuleyfa vegna starfsemi á virkjunarsvæðum við Kárahnjúka og byggingu álvers á Reyðarfirði. Í heild námu fjárheimildir ársins 2004 því 175.700 þús. kr.

Rekstrargjöld, að frádregnum sértekjum, námu samtals 158.005 þús. kr. og urðu því 17.695 þús. kr. undir fjárheimildum ársins. Sundurliðun er sem hér greinir:"

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur	(199.600)	(199.700)	(253.940)	(54.240)
Laun og launatengd gjöld	244.000	247.600	283.840	36.240
Önnur rekstrargjöld	111.300	111.800	123.924	12.124
Tilfærslur	14.500	14.500	50	(14.450)
	<u>170.200</u>	<u>174.200</u>	<u>153.874</u>	<u>(20.326)</u>
Eignakaup	1.500	1.500	4.131	2.631



1. Þjónustutekjur

Vinnumálastofnun annast þjónustu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga og Ábyrgðasjóð launa, auk Starfsmenntunarsjóðs og úthlutunarnefnda. Tekjur Vinnumálastofnunar frá þessum aðilum námu 245,0 m.kr. á árinu 2004 en voru 229,5 m.kr. árið á undan. Tekjurnar sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	2004	2003
Atvinnuleysistryggingasjóður	187.000.000	188.000.000
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ..	1.800.000	1.800.000
Starfsmenntunarsjóður	3.700.000	3.300.000
Úthlutunarnefndir	26.600.000	14.000.000
Ábyrgðasjóður launa	24.000.000	20.800.000
Atvinnumál kvenna	1.500.000	1.000.000
Lánatryggingasjóður kvenna	400.000	600.000
	<u>245.000.000</u>	<u>229.500.000</u>

2. Rekstur aðalskrifstofu

Kostnaður aðalskrifstofu nam 138,2 m.kr. árið 2004 en 135,0 m.kr. árið á undan. Kostnaðurinn sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	2004	2003
Laun og launatengd gjöld	90.487.985	89.578.742
Ritföng, prentun og auglýsingar	5.111.336	4.791.951
Hugbúnaðargerð og önnur sérfræðiþjónusta	12.008.675	11.544.460
Sími, afnota- og burðargjöld	8.120.793	7.044.643
Fæðispeningar og máltíðir	1.783.721	1.727.769
Funda- og ferðakostnaður	6.801.535	7.256.585
Bifreiðakostnaður	565.729	549.861
Húsaleiga, orka og ræsting	8.722.824	8.357.114
Viðhald húsnæðis, tækja og áhalda	3.535.961	2.615.305
Annar kostnaður	1.070.291	1.535.097
	<u>138.208.850</u>	<u>135.001.527</u>

3. Svæðisvinnumiðlanir

Kostnaður svæðismiðlana nam 249,0 m.kr. árið 2004 en 253,4 m.kr. árið á undan. Kostnaðurinn sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	2004	2003
Laun og launatengd gjöld	193.350.051	199.552.839
Ritföng, prentun og auglýsingar	4.931.376	4.408.607
Sími, afnota- og burðargjöld	7.790.031	7.958.272
Fæðispeningar og máltíðir	4.447.076	4.763.478
Funda- ferðakostnaður	6.381.171	6.122.918
Bifreiðakostnaður	1.549.092	1.518.328
Húsaleiga, orka og ræsting	21.847.140	22.071.043
Viðhald húsnæðis og áhalda	2.841.899	2.885.188
Kostnaðarhlutdeild í saml.húsnæði/þjónustu	3.915.462	3.133.264
Annar kostnaður	1.919.240	1.011.765
	<u>248.972.538</u>	<u>253.425.702</u>

4. Atvinnuleysisskráning, þjónustusamningar

Vinnumálastofnun hefur gert samninga við sveitarfélög og verkalýðsfélög um skráningu á atvinnulausu fólki í atvinnuleit. Kostnaður vegna þessara samninga nam 16,0 m.kr. árið 2004 en var 15,2 m.kr. árið á undan.

5. Önnur sérverkefni

Undir liðinn önnur sérverkefni flokkast meðal annars Eures Activity Plan og Norrænt samstarf. Framlög og endurgreiðslur vegna sérverkefna eru færð með öðrum tekjum, meðal tekna. Kostnaður vegna sérverkefna nam 4,6 m.kr. árið 2004 en 5,8 m.kr. árið á undan. Kostnaðurinn sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	2004	2003
Ritföng, prentun og auglýsingar	487.080	170.648
Hugbúnaðargerð og önnur sérfræðiljónusta	258.217	2.391.688
Sími og burðargjöld	32.848	0
Funda- ferðakostnaður	3.833.179	3.262.441
	<u>4.611.324</u>	<u>5.824.777</u>

6. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2004 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar vannýtta fjárheimild samkvæmt fjárlögum að fjárhæð 26.956 þús. kr. og hafði staðan batnað sem nam 28.247 þús. kr. frá árinu á undan. Liðurinn breyting vegna lokafjárlaga 2003 upp á 10.552 þús. kr. eru eftirstöðvar fjárlagaliðar "starfsleit ungs fólks".

Höfuðstóll 1. janúar 2004	(1.291.529)
Ríkisframlag	175.700.000
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	158.004.802
Breyting vegna lokafjárlaga 2003	10.552.000
Höfuðstóll 31. desember 2004	26.955.699



Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi Atvinnuleysistryggingasjóðs

Rekstrarreikningur árið 2004

Tekjur

	2004	2003
Atvinnutryggingagjald	3.946.776.060	3.663.789.231
Húsaleigutekjur	12.198.229	11.056.783
Aðrar tekjur	19.087.706	17.173.039
	<u>3.978.061.995</u>	<u>3.692.019.053</u>

Gjöld

Atvinnuleysisbætur	4.246.457.698	3.907.113.598
Kjararannsóknarnefnd	40.040.842	34.561.144
Úrræði fyrir atvinnuleitendur	111.391.171	148.417.715
Starfsmenntasjóður	65.006.311	65.295.532
Sérstök verkefni á vegum svæðisvinnumiðlana ...	0	75.898.026
Framlög og styrkir	25.979.676	24.978.151
Sérstök framlög til starfsmenntunar	140.000.000	53.000.000
	<u>4.628.875.698</u>	<u>4.309.264.166</u>
Stjórnunar- og skrifstofukostnaður	272.203.174	285.000.092
Sérstök afskrift tryggingagjalds	35.686.950	45.686.608
	<u>4.936.765.822</u>	<u>4.639.950.866</u>
Eignakaup	0	14.863.140
	<u>4.936.765.822</u>	<u>4.654.814.006</u>
(Tekjuhalli) fyrir hreinar fjármunatekjur	(958.703.827)	(962.794.953)
Fjármunatekjur	<u>379.384.674</u>	<u>344.271.880</u>
(Tekjuhalli) ársins	(579.319.153)	(618.523.073)

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Eignir	2004	2003
Fastafjármunir		
Verðbréf	35.695.794	70.420.708
Fastafjármunir samtals	<u>35.695.794</u>	<u>70.420.708</u>
.....	<u>35.695.794</u>	<u>70.420.708</u>
 Veltufjármunir		
Kjararannsóknarnefnd	256.286	0
Aðrir viðskiptamenn	4.120.621	16.297.766
Ógreiddir vextir	443.330	1.106.592
Álagt óinnheimt tryggingagjald	510.721.601	513.620.194
Viðskiptareikningur ríkissjóðs	7.579.235.269	8.101.150.724
Handbært fé	1.266.263	1.187.727
Veltufjármunir samtals	<u>8.096.043.370</u>	<u>8.633.363.003</u>
 Eignir alls	<u>8.131.739.164</u>	<u>8.703.783.711</u>
Utan efnahags: Fasteignir		
 Eigið fé og skuldir	2004	2003
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé 1/1	8.503.016.814	9.121.539.887
Leiðrétting vegna lokafjárlaga 2003	(100.000.000)	0
(Tekjuhalli) ársins	(579.319.153)	(618.523.073)
Eigið fé	<u>7.823.697.660</u>	<u>8.503.016.814</u>
 Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Vinnumálastofnun	154.117.711	110.776.592
Kjararannsóknarnefnd	0	694.872
Viðskiptamenn, erlendir	69.918.548	44.634.805
Viðskiptamenn, aðrir	43.592.197	12.796.668
Starfsmenntasjóður	36.131.425	28.512.674
Aðrar skammtímaskuldir	4.281.623	3.351.286
Skuldir	<u>308.041.504</u>	<u>200.766.897</u>
 Eigið fé og skuldir	<u>8.131.739.164</u>	<u>8.703.783.711</u>



Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga

Rekstrarreikningur árið 2004

Tekjur	2004	2003
Hlutdeild í atvinnuþryggingagjaldi	24.217.827	19.469.303
Aðrar tekjur	60.549	0
	<u>24.278.376</u>	<u>19.469.303</u>
Gjöld		
Atvinnuleysisbætur	12.208.147	15.296.689
Iðgjöld til lífeyrissjóða	732.470	917.861
Nefndarlaun og akstur	617.302	1.238.953
Þátttaka í sameiginlegum kostnaði	1.800.000	1.800.000
	<u>15.357.919</u>	<u>19.253.503</u>
Tekjuafgangur fyrir fjármunatekjur	8.920.457	215.800
Fjármunatekjur	<u>10.113.297</u>	<u>9.472.079</u>
Tekjuafgangur ársins	<u>19.033.754</u>	<u>9.687.879</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Eignir	2004	2003
Veltufjármunir		
Óinnheimt atvinnuþryggingagjald	1.279.163	1.558.676
Ríkissjóður	119.210.778	103.859.393
Aðrar skammtímakröfur	856	11.968
Sparisjóður Norðlendinga	92.493.683	87.851.644
	<u>212.984.481</u>	<u>193.281.681</u>
Eignir alls	<u>212.984.481</u>	<u>193.281.681</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll 1. janúar	176.020.989	166.333.110
Tekjuafgangur ársins	19.033.754	9.687.879
	<u>195.054.743</u>	<u>176.020.989</u>
Varasjóður	14.508.503	14.508.503
Eigið fé	<u>209.563.246</u>	<u>190.529.492</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Skuld við vörsluaðila (Vinnumálastofnun)	2.982.491	1.982.611
Aðrar skammtímaskuldir	175.205	346.140
Ógreiddar bætur	263.539	423.438
Skuldir	<u>3.421.235</u>	<u>2.752.189</u>
Eigið fé og skuldir alls	<u>212.984.481</u>	<u>193.281.681</u>

Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi Ábyrgðasjóðs launa

Rekstrarreikningur árið 2004

Tekjur	Skýr.	2004	2003
Ábyrgðargjald skv. lögum nr. 88/2003	1	195.547.803	186.770.196
Úthlutað úr þrotabúum	2	141.818.801	35.778.882
		<u>337.366.604</u>	<u>222.549.078</u>
Gjöld			
Laun í gjaldþroti	3	341.195.974	332.706.802
Orlofslaun vegna greiðsluerfiðleika		4.756.303	16.547.605
Iðgjöld til lífeyrissjóða í gjaldþroti		216.470.683	207.488.205
Lögfræði- og innheimtukostnaður		55.355.440	40.457.594
Vaxtaálag á laun og bætur		90.421.134	104.319.451
Skaðabótakröfur launþega		4.832.218	0
Skrifstofukostnaður	4	26.178.091	22.298.483
		<u>739.209.843</u>	<u>723.818.140</u>
Afskrifað ábyrgðargjald	1	1.877.460	2.418.832
		<u>741.087.303</u>	<u>726.236.972</u>
(Tekjuhalli) án fjármagnsliða		(403.720.699)	(503.687.894)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5	(21.135.397)	8.034.001
(Tekjuhalli) ársins		<u>(424.856.096)</u>	<u>(495.653.893)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Eignir	Skýr.	2004	2003
Veltufjármunir			
Óinnheimt ábyrgðargjald	7	25.792.423	26.140.434
Aðrar kröfur		1.104.416	1.170.688
Inneign hjá vörsluaðila		12.307.865	0
		<u>39.204.704</u>	<u>27.311.122</u>
Eignir alls		<u>39.204.704</u>	<u>27.311.122</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Ójafnað eigið fé 1. janúar		(94.122.190)	401.531.703
(Tekjuhalli)		(424.856.096)	(495.653.893)
Eigið fé	8	<u>(518.978.286)</u>	<u>(94.122.190)</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ríkissjóður	6	535.450.167	87.587.628
Staðgreiðsla skatta		2.606.492	12.373.715
Iðgjöld lífeyrissjóða		20.062.452	9.090.048
Skuld við vörsluaðila		0	11.991.615
Aðrar skuldir		63.879	390.306
Skuldir		<u>558.182.990</u>	<u>121.433.312</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u>39.204.704</u>	<u>27.311.122</u>